

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1971
REYKJAVÍK 1972

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA OG ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Mikil aukning tekna og framleiðslu


Sú þróun til aukinnar framleiðslu, er hófst árið 1969, náði yfirhöndinni í þjóðarbúskapnum, er leið á árið 1970, og hélzt svo í enn ríkara mæli árið 1971, en það var annað hagstæðasta árið eftir heimsstyrjöldina síðari, bæði um vöxt framleiðslu og rauntekna. Þau gögn, er nú liggja fyrir um tekjur og framleiðslu þjóðarbúskaparins árið 1971, sýna, að brúttó-þjóðarframleiðsla á föstu verðlagi hefur aukizt um 9½% árið 1971, borið saman við 6% árið 1970 og 4½% á ári að meðaltali á sjöunda áratugnum. Brúttó-þjóðartekjur á föstu verðlagi eru taldar hafa aukizt um 12½% árið 1971, en það er því að þakka, að útflutningsverðlag hækkaði langt umfram verðlag á innflutningi á árinu. Er þetta því annað árið í röð, sem batnandi viðskiptakjör hafa skilað miklu til þjóðarbúsins, en árið 1971 munu viðskiptakjör við útlönd hafa komizt langt í að verða jafnhagstæð og árin 1965—66.

Þessi aukning í framleiðslu og tekjum var mun meiri en búizt var við í upphafi ársins. Kom þar annars vegar til, að aukningin í fjölda vinnandi fólks er talin hafa verið um 3% á árinu, en það er ½—1% meira en hefði verið, ef ekki hefði komið til talsverður heimflutningur af íslenzku vinnuafli frá Norðurlöndunum. Hins vegar bendir framleiðsluaukningin til þess, að framleiðslukraftarnir hafi ekki verið eins fullnýttir í upphafi ársins og þá var talið, og þeir hafi smám saman notazt á árinu. Þegar haft er í huga, að atvinnuleysi hvarf að mestu árið 1970, eru merki þess, að framleiðslukraftar þjóðarbúsins hafi verið nokkuð ofnýttir árið 1971, sem aftur hefur leitt til talsverðrar verðbólgu þrátt fyrir verðstöðvunina, en þó einkum til rýrnunar viðskiptajafnaðarins við útlönd.

Þáttur útflutnings í vexti þjóðartekna

Árið 1970 stafaði aukning þjóðarframleiðslunnar að mestu frá útflutningsatvinnuvegunum. Það ár jókst fiskafli úr 686 þús. tonnum í 729 þús. tonn eða um 6,3%. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða til útflutnings jókst hins vegar um 28,2%, en verðhækkun á sjávarafurðum erlendis réð þar mestu um. Sama var að segja um útflutning iðnaðarvara; verðmæti iðnaðarútflutnings árið 1970 (að frátöldu áli og kísilgúr) jókst um 51,8%. Í heild jókst verðmæti vöruútflutnings (að kísilgúr og áli frátöldum) um 24,5% árið 1970, og var sá vöxtur mun meiri en í framleiðslu til innanlandsmarkaðar. T. d. jukust íbúðabyggingar á því ári lítið og starfsemi þjónustugreina, sem er nátengd innlendri eftirspurn, var enn í láginni eftir afturkippinn í efnahagsmálum árin 1967—1968.

Þáttur útflutningsgreina í hagsveiflunni



Hér má segja, að á ferðinni sé þekkt hagsveiflufyrirbrigði úr íslenskum þjóðarbúskap. Venjulegast eru hagsveiflur hér á landi nátengdar aflbrögðum annars vegar og erlendu verðlagi sjávarafurða hins vegar, en þessir þættir ráða farsæld sjávarútvegsins í sameiningu. Árin 1966—68, er bæði aflamagn og verðlag sjávarafurða erlendis fór lækkandi, hafði það mjög snögg og þungbær samdráttaráhrif á hag sjávarútvegs. Aðrar atvinnugreinar, sem að meira eða minna leyti eiga hag sinn undir veldingni sjávarútvegs kominn, héldu starfsemi sinni ótrauðar áfram um nokkurt skeið, eftir að samdrátturinn í sjávarútvegi var orðinn alvarlegur. T. d. var byggingarstarfsemi enn mikil mestallt árið 1967, svo og öll verzlunar- og þjónustustarfsemi.

Þegar hagur sjávarútvegsins fór batnandi árin 1969 og 1970, varð hann um leið aðalaflið í aukningunni á hagsveiflunni. Aukning tekna í sjávarútveginum breiddist fljótlega út um efnahagskerfið, m. a. með almennum launahækkunum, sem urðu vorið 1970. Almenn aukning á tekjum sem þessi hefur fljótlega þensluáhrif á framleiðslu og tekjur þeirrar starfsemi, sem innlendum markaði þjónar. Þetta virðist fyrst hafa gerzt að nokkru leyti árið 1971, en þá varð veruleg aukning í starfsemi verzlunar og annarra innlendra þjónustugreina.

Á því ári hefur framleiðsla sjávarútvegs þó dregið saman. Afli minnkaði úr 729 þús. tonnum árið 1970 í 685 þús. tonn 1971 eða um 6,0%, og er þessi rýrnun í raun meiri en tölur um heildarafla gefa til kynna, þar eð hún kemur öll fram í minni bolfiskafla, sem er mun verðmætari en síld og loðna.

Mikil verðhækkun á erlendu verðlagi sjávarafurða hefur aftur á móti vegið upp aflaryrnunina og miklum mun betur. Talið er, að útflutningsverðmæti framleiddra sjávarafurða hafi aukizt

Þjóðarframleiðsla og verðmætarádstöfun 1971.

	<i>Millj. kr. á verðlagi ársins 1971</i>	<i>Vöxtur frá f. ári á föstu verðlagi í %</i>
Þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	52.500	9,5
Útflutningur vöru og þjónustu	22.290	÷2,9
÷ Innflutningur vöru og þjónustu	÷26.275	23,7
Viðskiptajöfnuður	÷3.985	-
 Verðmæti til ráðstöfunar innanlands:	 56.485	 25,2
Einkaneyzla	33.880	15,0
Samneyzla	5.085	6,4
Föst fjármunamyndun	15.820	41,7
Breyting útflutningsbirgða og bústofns	1.700	-
 Geirskipting fastrar fjármunamyndunar:		
Atvinnuvegirnir	8.200	66,4
(án innfluttra skipa og flugvéla)	(5.948)	(44,5)
Íbúðarhús	2.720	13,5
Byggingar og mannvirki hins opinbera	4.900	22,6

úr 9.600 millj. kr. árið 1970 í 11.500 millj. kr. árið 1971 eða um rétt 20%, sem þýðir, að meðalhækkun á útflutningsverðlagi sjávarafurða milli þessara tveggja ára hafi verið í kringum 25—26%. Verðhækkunin á sjávarafurðum á erlendum markaði byggðist fyrst og fremst á frystum fiski, sem talinn var hafa hækkað um 32% frá 1970 til 1971 að meðaltali. Þá hækkaði saltfiskur einnig um 40% í verði milli áranna, en aftur á móti varð nokkur lækkun á lýsi og mjöli, einkum er leið á árið, vegna mikils framboðs á erlendum markaði.

Framleiðsla iðnaðar (hér er átt við iðnað annan en fiskiðnað, kísilgúrvinnslu og álbræðslu, nema annars sé getið) brást mjög jákvætt við gengisbreytingunum 1967 og 1968. Frá 1961 og fram að þessum gengisbreytingum hafði samkeppnisstaða iðnaðarins yfirleitt versnað gagnvart innfluttum vörum vegna innlendra kostnaðarhækkana langt umfram hækkun á verði innfluttra vara. Við gengisbreytingarnar skapaðist iðnaðinum nýr grundvöllur á innlendum markaði, sem átt hefur mikinn þátt í aukningu framleiðslu hans síðan. Öllu mikilvægara er þó, að stjórnarvöld hafa stefnt mjög að því á undanförunum árum að bæta hag iðnaðarins. Hefur þar m. a. komið til stóraukið lánsfé til iðnaðar með tilkomu Iðnþróunarsjóðs og auknum endurkaupum afurðavíxla iðnaðarins. Þá hefur innganga Íslands í Fríverzlunarbandalag Evrópu haft jákvæð áhrif á viðleitni iðnaðarins til aukins útflutnings, en þeirra áhrifa gætir ekki að fullu enn. Þá mun samdrátturinn í innlendra eftirspurn á árunum 1967—1968

**Batnandi staða
iðnaðar**

hafa haft þau áhrif að ýta undir viðleitni íslenskra iðnfyrirtækja til að leita erlendra markaða.

Til samans hafa ofangreind atriði í þróun iðnaðar á sl. þremur árum haft þau áhrif, að framleiðslumagn hans er talið hafa aukizt¹ um 9% árið 1969, 13% 1970 og um 13½% árið 1971. Til samans hefur framleiðslumagn iðnaðarins því vaxið um tæp 40% á þessum þremur árum, borið saman við vöxt þjóðarframleiðslunnar á föstu verðlagi um rúm 18%. Það er einkennandi fyrir þessa þróun, að mest hefur framleiðsluaukningarinnar gætt í þeim greinum, sem beina vörum sínum á erlendan markað, svo sem súttun og ullar- og þrjónlesiðnaði. Þær iðngreinar, sem aðallega þjóna innanlandsmarkaði og mestan vöxt sýndu, voru einkum tengdar sjávarútvegi, svo sem vélsmíðjur og skipasmíðastöðvar.

Útflutningur iðnaðarvara hélt áfram að vaxa að sama skapi. Árið 1971 er hann talinn hafa aukizt um nær 32%, sem aftur kemur ofan á 52% aukningu 1970. Árið 1970 nam útflutningur iðnaðarvara 520 millj. kr. (fyrir utan ál og kísilgúr) eða tæpum 4% af heildarútflutningnum. Til samanburðar má geta þess, að þessi útflutningur var vart til fyrir u. þ. b. fimm árum.


Framleiðsla álbræðslunnar í Straumsvík jókst úr 38 þús. tonnnum 1970 í 41,0 þús. tonn 1971, en sökum sölutregðu erlendis dróst útflutningur áls saman úr 33,5 þús. tonnnum 1970 í 16,7 þús. tonn 1971. Árið 1972 fer framleiðslan væntanlega í 48 þús. tonn, þótt vart sé reiknað með að útflutningur aukist að sama skapi. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn jók framleiðslu sína úr 13 þús. tonnnum 1970 í 19,4 þús. tonn 1971. Útflutningur kísilgúrsins hefur gengið vel, og eru útflutningshorfur áfram góðar.

Landbúnaður, verzlun, þjónusta og íbúðabyggingar

Framleiðsla landbúnaðarins stóð að mestu í stað á tímabilinu 1966—70, mest vegna óhagstæðra veðurskilyrða á þessum tíma. Árið 1971 var veður hins vegar mjög hagstætt og er talið, að heildarframleiðsla landbúnaðarins hafi aukizt um 9% á því ári. Verzlunar- og þjónustustarfsemi jókst mikið árið 1971 eða um 10 til 15% borið saman við aðeins 4% aukningu 1970. Þótt gögn séu ekki nægileg fyrir hendi, má telja víst, að nokkuð stór hluti af vexti þjóðarframleiðslunnar hafi átt sér stað í þessari atvinnugrein á árinu. Bygging íbúðarhúsa mun hafa aukizt um 13½% árið 1971, sem má teljast eðlileg aukning miðað við, að árið

¹ Allar tölur um breytingar í hundradshlutum í eftirfarandi frásögn af uppruna og ráðstöfun þjóðarframleiðslu miðast við fast verðlag, nema annars sé getið.

ÞJÓÐARTEKJUR OG ÞJÓÐAR-
FRAMLEIÐSLA 1966-1971
Á VERÐLAGI ÁRSINS 1960



1970 jukust þær aðeins um 1% eftir að hafa dregizt saman um 22% næstu tvö árin á undan.

**Ráðstöfun fram-
leiðslu og tekna**

Þótt aukning þjóðartekna árið 1971 hafi verið mikil, varð aukning neyzlu og fjármunamyndunar samt enn meiri með þeim afleiðingum, að viðskiptajöfnuðurinn við útlönd rýrnaði að mun. Einkaneyzla jókst um 15% á föstu verðlagi eftir að hafa aukizt um rúm 12% árið 1970. Þessi mikla aukning stendur annars vegar í nánú sambandi við þá hækkun persónutekna, sem varð á þessum tveimur árum eftir efnahagserfiðleikana næstu þrjú árin á undan. Á hinn bóginn verður að skoða þessa aukningu einkaneyzlunnar í ljósi þess, að árin 1968 og 1969 minnkaði hún um 11,5% samanlagt. Má því líta á aukninguna sl. tvö ár sem eins konar uppbót fyrir samdrátt árána tveggja þar á undan. Gætir þess sérstaklega í innflutningi einkabifreiða; árið 1969 voru aðeins fluttar inn 982 einkabifreiðar, en árið 1970 komst innflutningurinn í 4.533 bifreiðar og 1971 í 6.810 bifreiðar. Er talið, að tæp 20% af aukningunni í einkaneyzlunni árið 1971 felist í innflutningi bifreiða einum saman.

Samneyzla jókst um 6,4% árið 1971, en sú aukning er mikið til í samræmi við árlega meðaltalsaukningu snemma á sjöunda áratugnum, en árin 1968—69 minnkaði hún niður í 2% og 3% og jókst í 4,5% 1970.


Aukning fjármunamyndunar

Aukning fastrar fjármunamyndunar var um 41,7% árið 1971. Er þetta mesta aukning, sem orðið hefur á einu ári á löngu árabili, en hún stafar af miklum innflutningi skipa og flugvéla, en að þeim innflutningi frátöldum jókst föst fjármunamyndun um 30%. Í innflutningnum eru flugvélar óvenjustór þáttur; árið 1971 voru fluttar inn þrjár farþegaþotur fyrir samtals 1.560 millj. kr., en heildarinnflutningur skipa og flugvéla nam samtals 2.250 millj. kr. borið saman við 855 millj. kr. árið 1970. Að innflutningi skipa og flugvéla frátöldum er nær helming aukningarinnar í fastri fjármunamyndun (heildaraukningin er um 2.200 millj. kr.) að finna hjá hinu opinbera (980 millj. kr.), en þar eru raforkuframkvæmdir þungar á metunum, einkum Þórisvatnsmiðlun og stækkun Búrfellsvirkjunar, en einnig samgöngubætur og þá helzt framkvæmdir við hraðbrautir umhverfis Reykjavík svo og við Suðurlandsveg.

Fjármunamyndunin og hagsveiflan

Þessi óvenjulega aukning fastrar fjármunamyndunar 1971 verður að skoðast í ljósi þeirrar hagsveiflu, sem gengið hefur yfir þjóðarbúskapinn undanfarin fimm ár. Hegðun fjárfestingar gegnum heila hagsveiflu (samdrátt og endurbenslu) er venjulegast sú, að á samdráttartímabili framleiðslunnar er samdráttur fjárfestingar hlutfallslega meiri en samdráttur framleiðslunnar í heild. Eftir að framleiðslan tekur að vaxa á ný, líður ævinlega nokkur tími, þar til framleiðslan er komin á það stig, að hún fullnýtir þau framleiðslutæki, sem fyrir eru. Þetta hefur það í för með sér, að samdráttur í fjárfestingu heldur gjarnan áfram, eftir að framleiðsla tekur að vaxa á ný, en þegar fullnýtingu framleiðslutækjanna er náð, vex fjárfesting mun hraðar en framleiðslan.

Þessi klassíska hagsveifluþróun endurspeglast greinilega í þeim hluta fjármunamyndunar síðustu fimm ára, sem stendur í beinu sambandi við framleiðsluþróunina. Árið 1967, sem var fyrsta ár samdráttar í framleiðslunni, óx fjármunamyndun enu um skeið, m. a. vegna mikilla skipapantana frá fyrri árum. Næstu tvö árin dróst fjármunamyndunin mjög saman, jafnvel árið 1969, þegar framleiðslan var aftur í vexti. Árið 1970, þegar framleiðslutækin fara að verða fullnýtt, fer fjárfesting að vaxa mun hraðar en framleiðslan, en árið 1971 verður vöxtur fjárfestingar umfram framleiðslu enn meiri. Þannig sést í fyrsta lagi, að þar sem fjármunamyndunin er einn sterkasti þáttur framleiðslunnar, er hún henni mjög háð, og í öðru lagi, að sveiflur í fjármunamyndun eru mun sterkari en í framleiðslu.



Tölur um birgðir í þjóðhagsreikningunum ná aðeins til útflutningsvara og bústofns. Árið 1971 hefur orðið talsverð aukning á slíkum birgðum, sérstaklega birgðum útflutningsvara. Þær eru taldar hafa aukizt um 1.943 millj. kr. 1971, en þar af eru 1.194 millj. kr. birgðir áls, sem safnast hafa fyrir vegna sölutregðu erlendis. Birgðir sjávarafurða hafa aukizt um 674 millj. kr. árið 1971, en þær voru nálægt lágmarki í ársbyrjun. Þótt gögn liggi ekki fyrir um birgðabreytingar innfluttra vara og vara framleiddra hérlendis fyrir heimamarkað, þykir víst, að orðið hafi birgðaaukning í báðum þessum flokkum.

Í næsta kafla hér á eftir er gerð ítarleg grein fyrir þróun greiðslujafnaðarins árið 1971. Verður því aðeins dregið á þá þróun hér að því leyti, sem hún varðar jafnvægi þjóðarbúsins á árinu.

Jafnvægi þjóðarbúsins út á við

Eins og áður var skýrt frá, var aukning útflutnings árin 1970 og 1971 leiðandi aflið í aukningu framleiðslu og tekna. Árið 1970, er innflutningur fjárfestingarvara var enn takmarkaður, varð vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður og einnig viðskiptajöfnuðurinn í heild. Þótt mikil aukning á innflutningi skipa og flugvéla hafi m. a. orðið til þess að rýra viðskiptajöfnuðinn um 4.636 millj. kr. frá 1970 til 1971, þ. e. úr 651 millj. kr.¹ afgangi árið 1970 í 3.985 millj. kr. halla árið 1971, er rýrnunin í grundvallarjafnvægisstöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum ekki eins mikil og

¹ Héðan og til loka þessa kafla eru allar tölur á verðlagi hvers árs.


Atvinna, verðlag og kaupgjald

ofangreind breyting á viðskiptajöfnuðinum gæti gefið tilefni til að ætla. Aðalorsökina fyrir ofangreindri 4.636 millj. kr. rýrnun á viðskiptajöfnuði er að finna í aukningu svokallaðs sérstaks innflutnings um 1.963 millj. kr., en þar af er aukning innflutnings skipa og flugvéla, 1.394 millj. kr., veigamest. Þá er þess og að gæta, að í birgðum sjávar- og landbúnaðarafurða til útflutnings hefur orðið sveifla í átt til aukningar frá 1970 til 1971, 988 millj. kr. að upphæð, og í birgðum áls 969 millj. kr., samtals 1.957 millj. kr. Sé tekið tillit til þessara tveggja sérstöku stærða, aukningar sérstaks innflutnings og birgðasveiflunnar, er önnur rýrnun viðskiptajafnaðar milli 1970 og 1971 ekki nema um 716 millj. kr., og vöruskiptajafnaðarins 830 millj. kr., sem þó má teljast mikið í ljósi þess, að árið 1971 var mikið hagsældarár, sem hefði átt að nota til að bæta stöðu þjóðarbúsins út á við enn meir.

Hið tímabundna atvinnuleysi, sem varð til á árunum 1968—1969, hvarf að mestu árið 1970, en þá var meðalatvinnuleysi um 1,3% af heildarfjölda vinnandi fólks, sem má teljast mjög lágt. Árið 1971 var eftirspurn eftir vinnuafli áberandi meiri en árið áður, og meðalatvinnuleysi lækkaði niður í 0,7%. Var atvinnuleysi nær einskorðað við örfáa staði á Norður- og Austurlandi, en annars staðar myndaðist mikil umframeftirspurn eftir vinnuafli, sem endurspeglar þá þenslu, sem orðin var í efnahagslífinu, er leið á árið.

Þenslan í efnahagslífinu eftir samdráttarárin 1967—1968 hefur einnig haft í för með sér miklar launahækkanir á undanförunum þremur árum. Árið 1969 er talið, að persónutekjur hafi hækkað um rúm 15%, en þar sem framfærslukostnaður hækkaði á sama ári um nær 22%, lækkuðu rauntekjur um meira en 5%. Árið 1970 hækkuðu persónutekjur hins vegar um rúm 28% og framfærslukostnaður um 13%, þannig að rauntekjur jukust um 13%. Verðstöðvunin, er tók gildi í nóvember 1970, varð til þess, að framfærslukostnaður hækkaði aðeins um tæp 7% milli áranna 1970 og 1971, en aftur á móti jukust persónutekjur nálægt 24—25% milli sömu ára, þannig að rauntekjur hækkuðu nær 17%. Er það mun meiri hækkun rauntekna en orðið hefur um nokkur undanfarin ár, og er sú hækkun langt umfram aukningu þjóðarframleiðslunnar á mann, er nam um 8% árið 1971.

Þróun verðlags á árinu 1971 var fyrst og fremst mörkuð af áhrifum verðstöðvunarlaganna, er voru í gildi frá nóvember 1970 og til ársloka 1971. Miðuðu lög þessi og aðgerðir þeim samfara að því að halda vísitölu framfærslukostnaðar niðri með niðurgreiðslum á helztu nauðsynjavörum annars vegar, en með ströngum reglum um hækkun verðs og álagningar hins vegar. Þótt verðstöðvunarlögin hafi án efa náð þeim tilgangi sínum



að halda vísitölu framfærslukostnaðar í skefjum og þar með að fyrirbyggja víxlhækkun kaupgjalds og verðlags, hafði hún þær óæskilegu hliðarafleiðingar, að staða ríkissjóðs varð mun lakari en annars hefði orðið sökum mikilla niðurgreiðslubyrða, en það mun nánar rætt hér á eftir.

Sú hagsveifla, sem einkennt hefur þróun þjóðarbúskaparins undanfarin ár og lýst hefur verið hér að framan, hefur gert kröfur til breytilegrar stefnu í efnahags- og peningamálum. Eftir samdráttarárin 1967 til 1968 var á árinu 1969 vísitandi stefnt að þenslu peningamagns og eftirspurnar í því skyni að blása lífi í framleiðslu og útflutning eftir þrengingar árána á undan. Þegar undir mitt árið 1970 hafði eftirspurn eftir vörum og þjónustu náð því marki, að nauðsyn virtist á því að hægja ferðina, og var reynt á því ári að draga úr peningþenslunni og halda í við aukningu eftirspurnar með nokkru aðhaldssamari stefnu í fjármálum ríkisins og peningamálum.

Öflugri aðgerðir til að draga úr aukningu eftirspurnar voru æskilegar bæði í peningamálum og fjármálum ríkisins á árinu 1971, ef forðast átti ofþenslu og versnandi greiðslujöfnuð. Í samræmi við það beitti Seðlabankinn sér fyrir samkomulagi við viðskiptabankana um aðhald í útlánum á árinu 1971, jafnframt því sem stefnt var að greiðsluafgangi hjá ríkissjóði. Hvorugu þessu markmiði var þó náð í reynd, þar sem útlán bankanna fóru langt umfram sett mark, en afkoma ríkisins varð mun lakari en árið áður vegna stóraukinna útgjalda af niðurgreiðslum, launahækkunum

Stefnan í efnahagsmálunum

opinberra starfsmanna og greiðslu tryggingabóta. Hefði hér stefnt í meira óefni en raun bar vitni, ef ekki hefði komið til mjög mikil aukning á innstæðum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabankanum, sem hafði hliðstæð áhrif og greiðsluafgangur ríkissjóðs á þróun eftirspurnar. Er í peningamálakaflanum hér á eftir gerð nánari grein fyrir því, hvernig þessir og aðrir þættir verkuðu á þróun lausafjárstöðu bankanna og almenna eftirspurn á árinu.

Í lok ársins voru gerðir nýir almennir kjarasamningar, sem enn kyntu undir þeirri þróun umframeftirspurnar, sem náð hafði vaxandi tókum á þjóðarbúskapnum, eftir því sem á árið leið. Hlutu því að bíða hins nýja árs mikil hagstjórnarvandamál, ef hemja átti almenna eftirspurn og innflutning innan þeirra marka, sem aukning þjóðartekna og gjaldeyrisöflunar hlýtur óhjákvæmilega að setja.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR

Óhagstæður vöruskiptajöfnuður

Bráðabirgðatölur þær, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðar-
búsins út á við á árinu 1971, sýna, að greiðslujöfnuðurinn varð
í heild hagstæður þriðja árið í röð, og jókst gjaldeyrisforðinn um
1.493 millj. kr. Sé hins vegar litið á einstaka þætti greiðslujafn-
aðarins, kemur í ljós, að mikil umskipti hafa orðið á árinu mið-
að við næstu tvö ár á undan. Er þar fyrst, að vöruskiptajöfnuð-
ur var nú mjög óhagstæður, og nam hallinn 4.520 millj. kr. á ár-
inu 1971, en árið áður varð vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður
um 238 millj. kr. Þessar tölur ofmeta þó þá breytingu, sem
átti sér stað milli þessara ára, þar sem bæði varð mikil auk-
ning útflutningsvörubirgða og óvenjulega mikill flugvéla- og skipa-
innflutningur. Sé gerð leiðrétting fyrir þessu tvennu, kemur í
ljós, að staða vöruskiptajafnaðarins hefur í raun versnað um
nálægt 830 millj. kr. á árinu. Áætlað er, að þjónustujöfnuður hafi
orðið hagstæður um 535 millj. kr. á árinu 1971, þannig að við-
skiptajöfnuðurinn, þ. e. a. s. jöfnuður á viðskiptum með vörur
og þjónustu í heild, hefur orðið óhagstæður um 3.985 millj. kr.
á árinu 1971, en árið áður varð hann hagstæður um rúmlega
650 millj. kr. Fjármagnsinnflutningur varð hins vegar meiri en
nokkru sinni á sl. áratug, m. a. vegna hinna miklu skipa- og flug-
vélakaupa og fjármögnunar útflutningsvörubirgða. Varð fjár-
magnsjöfnuðurinn hagstæður um rúmlega 5.350 millj. kr., en
heildargreiðslujöfnuður, eins og hann kemur fram í breytingu
á gjaldeyrisstöðu, hagstæður um 1.493 millj. kr. samanborið við
1.200 millj. kr. 1970.

Hagstæður heildar- greiðslujöfnuður vegna mikils fjár- magnsinnflutnings

Hagstæð verðlagsþróun útflutningsafurða

Verðmæti útflutningsframleiðslunnar jókst á árinu 1971 um tæp
20% frá árinu áður, þegar álframleiðsla er undanskilin. Þessi
verðmætisaukning stafar eingöngu af hagstæðri verðlagsþróun
á meginhluta þýðingarmestu útflutningsafurða. Þannig varð t. d.
um 19% aukning á verðmæti sjávarafurða þrátt fyrir rúmlega
5% magnrýrnun á árinu 1971 miðað við árið áður, en verðmæti
sjávarafurða nam um 90% af heildarverðmæti útflutningsfram-
leiðslunnar á árinu, að álframleiðslu undanskilinni, en um 78%,

Útflutningur helztu vörflokka.
(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

	1967	1968	1969	1970	1971
<i>Sjávarafurðir:</i>					
Saltfiskur	860	1.042	1.027	1.163	1.677
Ísfiskur	276	316	513	724	403
Freðfiskur	2.035	2.179	3.109	4.535	5.330
Síld og síldarafurðir	3.160	1.518	962	892	761
Loðna og loðnaufurðir	229	125	394	592	580
Aðrar sjávarafurðir	1.128	1.165	1.731	2.206	2.305
Sjávarafurðir, samtals	7.688	6.345	7.736	10.112	11.056
<i>Landbúnaðarafurðir</i>	500	613	591	423	400
<i>Iðnaðarvörur:</i>					
Ál	–	–	519	1.708	888
Kísilgúr	–	15	65	127	157
Aðrar iðnaðarvörur	172	150	266	392	555
Iðnaðarvörur, samtals	172	165	850	2.227	1.600
<i>Aðrar vörur</i>	256	115	289	153	119
Útflutningur, alls	8.616	7.238	9.466	12.915	13.175

**Aukning útflutnings-
verðmætis**

ef álframleiðsla er talin með. Framleiðsluverðmæti álafurða nam um 2.120 millj. kr. á árinu 1970, en rúmlega 1.930 millj. kr. árið áður og hefur því aukizt um 9,8%.

Verðmæti útfluttrar vöru að undanskildu áli nam 12.250 millj. kr., og er það um 10% aukning frá árinu áður og um 100 millj. kr. lægri upphæð en á árinu 1966, en á því ári varð verðmæti mest á sl. áratug. Í töflu hér að ofan er sýnd skipting útflutnings á helztu vörflokka sl. fimm ár, og má þar sjá, að vaxandi fjölbreytni gætir í útflutningi síðustu árin. Á árinu 1967 námu sjávarafurðir tæpum 90% af heildarútflutningi, en 78% á árinu 1970 og tæplega 84% á árinu 1971. Útflutningur á áli nam um 13% af heildarútflutningi 1970, en ekki nema tæpum 7% á árinu 1971, en þá söfnuðust miklar birgðir vegna sölutregðu. Útflutningur á öðrum iðnaðarvörum nam 2% af heildarútflutningi 1967, en rúmlega 5% 1971, og er þá útflutningur á kísilgúr talinn þar með, en útflutningur kísilgúrs nam um 1% af heildarútflutningi árána 1970 og 1971. Innan sjávarafurða hefur aðalbreypingin orðið sú, að með rýrnun á síldarafla hefur hlutdeild síldarafurða minnkað úr tæplega 37% af heildarverðmæti útflutnings 1967 í tæplega 6% 1971. Hins vegar hefur hlutdeild þorskafurða vaxið mjög, einkum freðfisks, sem nam um 40% af heildarútflutningi 1971.

Helztu breypingar á skiptingu útflutnings á lönd á árinu 1971 miðað við árið áður voru þær, að hlutfallslega jókst útflutningur

**Skipting útflutnings
á lönd**

til Bandaríkjanna úr 30% í 36,7% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) minnkaði úr 38,3% í 35% af heildarútflutningi, og einnig varð lækkun á hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins úr 16,8% í 11,7% af heildarútflutningi. Hlutfallsleg aukning varð á útflutningi til Austur-Evrópulanda úr 10,1% í 10,9% af heildarútflutningi.

**Útflutnings-
vörubirgðir**

Eftirfarandi yfirlit sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. þrjú ár miðað við verðlag í lok hvers árs. Einnig er sýnd verðmætisbreyting birgða 1970 og 1971.

Útflutningsvörubirgðir.

(Í millj. kr.)

	Birgðir í árslok			Breyting á árinu	
	1969	1970	1971	1970	1971
Sjávarafurðir	1.239	1.019	1.693	÷220	+ 674
Landbúnaðarafurðir	203	172	235	÷ 31	+ 63
Kísilgúr	4	1	13	÷ 3	+ 12
Samtals	1.446	1.192	1.941	÷254	+ 749
Ál	95	321	1.515	+226	+ 1.194
Alls	1.541	1.513	3.456	+ 28	+ 1.943

Eins og sjá má á yfirlitinu, er mismunurinn á þróun birgðabreytingar á milli árana 1970 og 1971 sá, að aukning birgða er 1.003 millj. kr. meiri nettó á árinu 1971 en 1970, ef ál er undanskilið, en 1.915 millj. kr. meiri 1971 en 1970 að áli meðtöldu.

Almennur innflutningur jókst um rúmlega 29% miðað við árið 1970, en vöruinnflutningur í heild jókst um tæp 40%, vegna þess hve mikil aukning varð á sérstökum innflutningi, og munar þar mest um innfluttar flugvélar, þar sem þrjár farþegaþotur voru keyptar til landsins á árinu 1971 fyrir nær 1.560 millj. kr., en árið áður nam flugvélainnflutningur aðeins 5 millj. kr. Skipainnflutningur varð hins vegar heldur minni á árinu 1971 en árið áður, en samtals nam innflutningur skipa og flugvéla um 2.250 millj. kr. á móti 856 millj. kr. á árinu 1970. Allmikil aukning varð á innflutningi vegna framkvæmda við Þjórsárvirkjanir, og samanlagður innflutningur vegna fjárfestingar og rekstrar álbræðslunnar í Straumsvík jókst um 47% frá árinu áður.


Tafla á næstu bls. sýnir almennan innflutning ársfjórðungslega sl. þrjú ár ásamt hlutfallslegri breytingu 1970 og 1971 miðað við fyrra ár. Í kjölfar gengislækkunarinnar 1968 var um að ræða verulegan samdrátt í almennum innflutningi, er nam á árinu

Almennur innflutningur.

	Í millj. kr. á c.i.f. - verði			Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári	
	1969	1970	1971	1970	1971
Jan.—marz	1.766	2.237	3.184	+26,7	+42,3
Apríl—júni	2.100	2.870	4.164	+36,7	+45,1
Jan.—júni	3.866	5.107	7.348	+32,1	+43,9
Júli—sept.	2.626	3.114	3.863	+18,6	+24,1
Jan.—sept.	6.492	8.221	11.211	+26,6	+36,4
Okt.—des.	2.450	3.611	4.083	+47,4	+13,1
Júli—des.	5.076	6.725	7.946	+32,5	+18,2
Jan.—des.	8.942	11.832	15.294	+32,3	+29,3

Aukning innflutnings

1969 um 14% miðað við árið áður. Eins og sjá má af töflunni, tekur innflutningur þegar að aukast á 1. ársfjórðungi 1970 miðað við árið áður, og er þá farið að gæta áhrifa af vaxandi tekjum útflutningsatvinnuveganna, en árið 1969 reyndist þeim hagstætt bæði vegna hagstæðra áhrifa gengisbreytingarinnar 1968 og hækkandi verðlags erlendis á meginhluta útflutningsframleiðslunnar, auk þess sem sjávarafli jókst frá árinu áður. Hlutfallsleg aukning innflutnings á árinu 1970 var langmest á síðasta ársfjórðungi miðað við sömu mánuði árið áður, enda munu þá áhrif almennra launahækkana um sumarið hafa verið farin að koma fram í aukinni eftirspurn eftir innfluttum vörum, og jafnframt gætu fyrirhugaðar tollalækkningar í sambandi við aðildina að Fríverzlunarbandalaginu hafa haft áhrif í þá átt, að innflutningur síðast á árinu 1969 hafi orðið eitthvað minni en ella og þannig aukið á muninn milli ára. Sé litið á þróun innflutningsaukningarinnar á árinu 1971 eftir ársfjórðungum, sést, að hún er allfrábrugðin því, sem var árið áður. Hlutfallsleg aukning miðað við sama tíma árið áður varð nú mest á 1. og 2. ársfjórðungi, en fer síðan lækkandi og er minnst á síðasta ársfjórðungi, og í desembermánuði er um að ræða 7% lækkun miðað við sama mánuð árið áður. Hér kemur það til, að auknar ráðstöfunartekjur vegna almennra launahækkana á miðju ári 1970, launahækkana opinberra starfsmanna síðast á árinu 1970 og í ársbyrjun 1971 koma fram í aukinni eftirspurn eftir innfluttum vörum á fyrra helmingi ársins 1971. Á síðara hluta ársins 1971 mun hafa orðið minni hækkun á ráðstöfunartekjum, m. a. vegna aukinnar skattbyrði, sem jafnan er þyngri á síðara hluta ársins, einkum ef tekjur hafa hækkað undanfarið ár. Verkfallið á farskipaflotanum í desember sl. mun væntanlega hafa haft einhver áhrif til samdráttar á innflutning í þeim mánuði, þannig að innflutningi hafi verið flýtt og innflutningur nóvembermánaðar því orðið meiri en ella, en varla mun það hafa haft nein teljandi áhrif á innflutning síðasta ársfjórðungs í heild.



Skipting innflutnings á lönd

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd á árinu 1971 miðað við árið áður voru þær, að hlutfallslega jókst innflutningur frá Bandaríkjunum úr 8,3% í 15% af heildarinnflutningi, en innflutningur frá löndum Fríverzlunarsamtakanna lækkaði úr 43% í 38,6% og innflutningur frá löndum Efnahagsbandagsins úr 27,5% í 26,4% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Austur-Evrópu lækkaði úr 10,7% í 9,6% af heildarinnflutningi. Þess ber að gæta, að þessi röskun á hlutdeild landsvæða í innflutningi 1971 miðað við árið áður á því nær að öllu leyti rætur að rekja til hins óvenjumikla flugvélainnflutnings á árinu, sem allur kom frá Bandaríkjunum. Ef innflutningur á flugvélum væri frátalinn, væri ekki um að ræða umtalsverða breytingu á skiptingu innflutnings á landsvæði miðað við fyrra ár, en þó mundi hlutdeild Bandaríkjanna og landa Fríverzlunarsamtakanna heldur hafa lækkað, en hlutdeild landa Efnahagsbandagsins hækkað.

Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri varð vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 4.520 millj. kr. á árinu 1971. Árið áður varð vöruskiptajöfnuðurinn hagstæður um 238 millj. kr., og er því vöruskiptajöfnuður ársins 1971 tæpum 4.760 millj. kr. lakari en árið áður. Þessi mikla breyting stafar í fyrsta lagi af óvenjumiklum flugvélainnflutningi ásamt aukningu á ýmsum öðrum sérstökum innflutningi, sem samtals varð um 1.960 millj. kr. meiri á árinu 1971 en árið áður. Í öðru lagi var um að ræða birgðaaukningu útflutningsafurða, bæði sjávarafurða, landbúnaðarafurða og kísilgúrs á árinu 1971, sem nam tæpum 750 millj. kr., og

hefur farmannaverkfallið í desember sl. átt nokkurn þátt í þeirri birgðaaukningu. Á árinu 1970 varð hins vegar birgðalækkun sjávarafurða og landbúnaðarafurða rúmar 250 millj. kr., og nemur þá breytingin milli ára um 1.000 millj. kr. Vegna sölu-tregðu jukust birgðir af áli um 970 millj. kr. meir á árinu 1971 en árið áður. Samtals nema þessir liðir 3.930 millj. kr., og verða þá eftir um 830 millj. kr. af hinum 4.760 millj. kr. aukna vöru-skiptahalla á árinu 1971, sem telja má raunhæft mat á rýrnun vöruskiptajafnaðarins vegna almennrar þróunar framleiðslu og eftirspurnar.

Inn- og útfluttar vörur eru hér gerðar upp á sama hátt, hvort tveggja á f.o.b.-grundvelli. Framangreindar tölur eru því nokkuð frábrugðnar þeim tölum, sem Hagstofan birtir um vöru-skiptin við útlönd, þar sem útflutningur er reiknaður á f.o.b.-verði, en innflutningur á c.i.f.-verði, og er mismunurinn einkum flutningskostnaður og vátrygging af innfluttum vörum auk ým-issa annarra, að jafnaði minni háttar mismunandi uppgjörsmáta.

Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðarins teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, tekjur af varnarliðs-viðskiptum o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur, þ. e. útflutt þjónusta, hafi numið 9.150 millj. kr. á árinu 1971, en þjónustugjöld, þ. e. innflutt þjónusta, 8.615 millj. kr., og er þjónustujöfnuðurinn þannig áætlaður hagstæður um 535 millj. kr. á árinu 1971 á móti 413 millj. kr. hagstæðum jöfnuði 1970. Meðtaldar í gjöldum á árinu 1971 eru 500 millj. kr. vegna álbræðslu, en á árinu 1970 eru meðtaldar í gjöldum 745 millj. kr. vegna álbræðslu. Að frádregnum gjöldum vegna álbræðslu hefði þjónustujöfnuðurinn orðið hagstæður um 1.035 millj. kr. á árinu 1971 og um tæpar 1.160 millj. kr. 1970. Mikilvægi þjónustuliða í greiðslujöfnuði hefur farið vaxandi á undanförunum áratug, og sl. tvö ár námu þjónustutekjur um 40% af heildartekjum af vöru og þjónustu, og þjónustugjöld hafa á sama tímabili numið milli 33% og 38% af heildargjöldum.

Samgöngur og ferðalög

Af einstökum liðum þjónustujafnaðarins er samgönguliðurinn mikilvægastur, og námu tekjur af samgöngum um 53% af heildartekjum af þjónustu 1971, en innan samgönguliðarins vegur flugið þyngst, bæði að því er snertir tekjur og gjöld. Tekjur af erlendum ferðamönnum hafa aukizt ört á undanförunum árum, og hafa þær aukizt hlutfallslega meir en nokkur annar liður í þjónustutekjum. Til tekna af erlendum ferðamönnum er aðeins talinn sá hluti, sem bankarnir kaupa af gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna, þar með taldar tekjur frihafnarinnar á Keflavíkur-flugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða

Greiðslujöfnuður við útlönd.
(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)


	1969	1970	1971
<i>Vörur og þjónusta:</i>			
Innflutningur	÷9.408	÷12.612	÷17.660
(þar af vegna álbræðslu)	(÷ 952)	(÷ 934)	(÷ 1.376)
Útflutningur	+9.411	+12.850	+13.140
(þar af vegna álbræðslu)	(+ 519)	(+ 1.708)	(+ 888)
<hr/>			
Vöruskiptajöfnuður	+ 3	+ 238	÷ 4.520
Þjónustujöfnuður	+ 388	+ 413	+ 535
<hr/>			
Viðskiptajöfnuður	+ 391	+ 651	÷ 3.985
Framlög án endurgjalds, nettó	÷ 72	÷ 35	÷ 10
Sérstök dráttarréttindi	-	+ 222	+ 217
<hr/>			
<i>Fjármagnshreyfingar:</i>			
Opinberar lántökur, nettó	+1.071	÷ 378	+ 1.455
Lántökur einkaaðila, nettó	÷ 939	÷ 343	+ 1.405
Erlent einkafjármagn til langs tíma	+1.450	+ 395	+ 718
Erlent einkafjármagn til stutts tíma	-	-	+ 1.008
Aðrar hreyfingar, nettó	÷ 145	+ 599	+ 770
<hr/>			
Fjármagnsjöfnuður	+1.437	+ 273	+ 5.356
Skekkiur og vantalið, nettó	÷ 71	+ 89	÷ 85
Heildargreiðslujöfnuður	+1.685	+ 1.200	+ 1.493

með íslenskum farartækjum, talin í samgönguliðnum og eru stór hluti í þeim lið. Í gjöldum vegna ferðalaga er talinn með náms- og sjúkrakostnaður. Ef þessir tveir liðir eru dregnir frá útgjöldum vegna ferðalaga, verður jöfnuðurinn á ferðalagaliðnum óhagstæður um 35 millj. kr. á árinu 1971, en var hagstæður um 14 millj. kr. árið áður, enda varð útgjaldaaukning vegna almennra ferðalaga mjög mikil á árinu eða rúmlega 36% miðað við fyrra ár.

Fjármagnshreyfingar

Helztu liðir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðsla slíkra lána, stutt vörukaupalán, erlent einkafjármagn og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánnum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar 4.350 millj. kr., þar af námu lántökur einkaaðila 2.230 millj. kr., að mestu leyti vegna flugvéla- og skipakaupa. Lántökur opinberra aðila námu því 2.220 millj. kr., þar af eru 880 millj. kr. andvirði 10 millj. dollara láns, sem boðið var út á Evrópudollaramarkaði í janúar 1971, og var því varið til fjármögnunar virkjunarframkvæmda og annarra opinberra framkvæmda. Endurgreiðslur af föstum lánnum námu alls 1.490 millj. kr., þar af 825 millj. kr. af einkalánnum, 665 millj. kr. af opinberum lánnum.

Samkvæmt þessum tölum, sem allar eru byggðar á bráðabirgðayfirliti, hækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 1.405 millj. kr.



og opinber lán um 1.455 millj. kr., þannig að heildarskuldir þjóðarþúsins í formi fastra lána hafa hækkað um 2.860 millj. kr. á árinu 1971. Árið áður lækkuðu föst erlend lán um 721 millj. kr. Stutt vörukaupalán innflytjenda hækkuðu um 169 millj. kr. á árinu á móti 449 millj. kr. hækkun á árinu 1970. Innkomin framlög hinna Norðurlandanna til Iðnþróunarsjóðs námu 212 millj. kr. á árinu 1971, en 269 millj. kr. árið áður. Innkomið erlent áhættufjármagn vegna atvinnurekstrar nam á árinu 1971: 718 millj. kr. langtíma fjármagn til fjárfestingar auk 1.008 millj. kr. skammtíma rekstrarfjár eða samtals 1.726 millj. kr., og er rekstrarféð vegna útflutningsbirgðahalds álbræðslunnar. Vegna alls þessa mikla fjármagnsinnstreymis varð fjármagnsjöfnuðurinn hagstæður um 5.356 millj. kr. á árinu 1971, en varð hagstæður um 273 millj. kr. árið áður.

Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð 1971, þar sem einnig eru tilgreindar endanlegar tölur fyrir árin 1970 og 1969 til samanburðar. Eins og yfirlitið sýnir, varð heildargreiðslujöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í breytingu á gjaldeyrisstöðu bankanna, hagstæður um 1.493 millj. kr. á árinu 1971, en það stafar eingöngu af hinum óvenjumikla fjármagnsinnflutningi á árinu, eins og sjá má af yfirlitinu og því, sem sagt hefur verið hér að framan um hina einstöku þætti greiðslujafnaðarins.

Heildar-greiðslujöfnuður

22


Á 3. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1967—1971, og á 4. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit um greiðslujöfnuð 1970 og 1971.

Á fyrstu þremur ársfjórðungum 1970 var viðskiptajöfnuðurinn

Gjaldeyrisstaða bankanna.
(Í millj. kr.)

	1969	1970	1971
<i>Seðlabankinn:</i>			
Frjáls gjaldeyri og gull:			
Eignir	3.429	4.727	6.034
Skuldir	1.319	1.067	680
Frjáls gjaldeyri, nettó	2.110	3.660	5.354
<i>Vöruskiptareikningar:</i>			
Eignir	7	12	18
Skuldir	115	89	203
Vöruskiptareikningar, nettó	÷ 108	÷ 77	÷ 185
Nettóstaða Seðlabankans	2.002	3.583	5.169
<i>Viðskiptabankar:</i>			
Erlendar eignir	438	167	130
Erlendar skuldir*	452	487	543
Samtals	÷ 14	÷ 320	÷ 413
<i>Gjaldeyrisstaða bankanna:</i>			
Frjáls gjaldeyri	2.096	3.340	4.941
Vöruskiptagjaldeyri	÷ 108	÷ 77	÷ 185
Alls	1.988	3.263	4.756

* Þar af útflutningsvöruvíxlar 1969: 73 millj. kr.




hagstæður, en á síðasta ársfjórðungi var jöfnuðurinn óhagstæður um rúmar 900 millj. kr., en af þeirri upphæð eru tæpar 600 millj. kr. vegna skipainnflutnings. Á árinu 1971 var viðskiptajöfnuðurinn hagstæður á þriðja ársfjórðungi, en óhagstæður á öllum hinum ársfjórðungunum. Af hinum 2.770 millj. kr. óhagstæða jöfnuði á síðasta ársfjórðungi eru 1.665 millj. kr. vegna flugvéla- og skipainnflutnings.

Yfirlitið hér að ofan sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt skráðu gengi í hver árslok.

Í ársbyrjun 1971 var í annað sinn úthlutað sérstökum dráttarréttindum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og var hlutur Íslands jafngildi 217 millj. kr. Í ársbyrjun 1970 fór fyrsta úthlutun þessara réttinda fram, og nam úthlutunin til Íslands þá jafngildi 222 millj. kr. Við úthlutun eru sérstöku dráttarréttindin tekin inn í gjaldeyrisstöðuna og hafa því bein áhrif á hana.

Í janúarmánuði 1971 endurgreiddi Seðlabankinn það, sem eftir

Gjaldeyrisstaða



Gengissveiflur erlendis

Ráðstafanir Bandaríkjamanna í gjaldeyrismálum

Samkomulag um breytingu á gengis- hlutföllum

stóð af þeim skuldum, er hann stofnaði til við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á árunum 1967—1969. Nam þessi lokagreiðsla 7,5 millj. dollara. Voru þá að fullu greiddar allar skuldir, sem stofnað var til sérstaklega í því skyni að styrkja gjaldeyrisstöðuna á framan- greindum erfiðleikaárum. Til endurgreiðslunnar voru nú að hluta notaðar 1,5 millj. dollara af sérstökum dráttarréttindum, en áður höfðu verið notaðar 2,0 millj. dollara af sérstökum dráttarréttindum til endurgreiðslu á skuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Á 5. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um gjaldeyrisstöðu bankanna síðan 1960.

Árið 1971 var allviðburðaríkt á sviði gengismála og einkenndist af jafnvægisleysi á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Framan af árinu fór gengi á gjaldmiðlum nokkurra Evrópulanda hækkandi gagnvart Bandaríkjadollar og var í byrjun maímánaðar komið að þeim mörkuðum, sem alþjóðastofnanir heimila sem leyfilegt frávík frá stofngengi. Hinn 9. maí hækkuðu Austurríkismenn og Svisslendingar stofngengi gjaldmiðla sinna. Nam hækkunin rúmum 5% á austurríska schillingnum, en rúmum 7% á svissneska frankanum. Áður höfðu Vestur-Þjóðverjar og Hollendingar lýst yfir því, að þeir myndu ekki tryggja, að markaðsgengi á gjaldmiðlum þeirra héldist innan þeirra 1% marka, sem heimilt er að gjaldmiðlar hreyfist frá stofngengi. Völdu þeir því þá leið að hafa fljótandi markaðsgengi á gjaldmiðlum sínum í stað þess að breyta stofngengi. Á næstu mánuðum fór gengið á báðum þessum gjaldmiðlum smám saman hækkandi gagnvart dollar, og um miðjan ágúst mánuð nam hækkun marksins tæpum 8% og hækkun gyllinis um 4,5% gagnvart dollar.

Hinn 15. ágúst gripu Bandaríkin til víðtækra ráðstafana í viðskipta- og gengismálum til þess að koma í veg fyrir hina óhagstæðu þróun, sem ríkt hafði í greiðslujöfnuði þeirra. Var meðal annars hætt innlausn dollara í gull og tekið upp 10% innflutningsgjald á mörgum vöruflokkum. Í kjölfar þessara aðgerða fylgdi, að margar þjóðir yfirlögðu fast gengi, en létu verð á gjaldmiðlum sínum ráðast af markaðsaðstæðum.

Héldust aðstæður þannig þar til 18. desember, að samkomulag náðist á fundi tíu ríkjanna svonefndu um veigamiklar breytingar gengishlutfalla ásamt niðurfellingu 10% innflutningsgjaldsins í Bandaríkjunum. Einn mikilvægasti þátturinn í þessum breytingum verður hækkun gullverðs gagnvart dollar, þar sem gert er ráð fyrir, að gullverð hækki úr 35 dollurum í 38 dollara hver únsa af finu gulli. Er þar um að ræða 8,57% hækkun á gullverði gagnvart dollar, sem samsvarar 7,895% lækkun á dollar gagnvart gulli. Breytingar þessar hafa þó enn ekki hlotið lög-


formlega staðfestingu og þar af leiðandi hafa formlegar breytingar á stofngengi ekki getað tekið gildi hjá þeim ríkjum, sem fyrirhuga breytingar á gengi gjaldmiðla sinna gagnvart gulli eða dollurum. Í þess stað hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn heimilað notkun bráðabirgðamiðgengis (central rate), unz endanlegar ákvarðanir verða teknar. Þá hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leyft þátttökuríkjum sínum að láta markaðsgengi hreyfast 2,25% upp og niður fyrir miðgengi í stað 1% frávíks áður og hafa margar þjóðir tilkynnt, að þær muni nota þá heimild.

Hinn 21. desember hófust gjaldeyrisviðskipti á grundvelli framangreinds samkomulags, og var þá markaðsgengi hinna ýmsu gjaldmiðla nokkuð neðan við miðgengi (central rate) gagnvart dollar. Miðgengi sterlingspunds, franskra franka og peseta var óbreytt gagnvart gulli, og hefur gengi þeirra gagnvart dollar því hækkað um 8,57%. Miðgengi danskra, norskra og sænskra króna hafði lækkað um 1% gagnvart gulli. Vestur-þýzk mörk, hollenzkar flórínur, belgískir franskar og japönsk yen höfðu hækkað mismunandi mikið gagnvart gulli, þannig að hækkun gagnvart dollar nam 11,57% á belgískum franka og hollenzkri flórínu, 13,57% á vestur-þýzku marki og 16,88% á japönsku yeni, þegar miðað er við breytinguna frá stofngengi (par value) til miðgengis (central rate). Frá 21. desember til ársloka 1971 urðu ekki verulegar sveiflur á erlendum gjaldeyrismörkuðum.

Gengisskráning hér á landi

Skráning hjá Seðlabanka Íslands á gengi erlendra gjaldmiðla er með þeim hætti, að gengi á Bandaríkjadollar er fast, en gengi á öðrum frjálsum gjaldmiðlum, sem skráðir eru, hreyfist hins vegar eftir gengi viðkomandi gjaldmiðils gagnvart dollar. Frá 12. nóvember 1968 til 13. ágúst 1971 var kaup- og sölugengi á bandarískum dollar óbreytt, kaupgengi 87,90 kr., en sölugengi 88,10 kr. hver dollar. Vikuna 15.—21. ágúst 1971 skráði Seðlabankinn ekki gengi erlendra gjaldmiðla, enda voru þá flestir erlendir gjaldeyrismarkaðir lokaðir. Þegar gengisskráning hófst að nýju 23. ágúst sl., var kaupgengi á Bandaríkjadollar skráð á 87,12 kr. og sölugengi á 87,52 kr. Hinn 13. september 1971 var bilið milli kaup- og sölugengis mjókkað, þannig að kaupgengi dollars var áfram skráð á 87,12 kr., en sölugengi á 87,42 kr. Hafði meðalgengi kaup- og sölugengis á dollar lækkað um 0,83% gagnvart krónu.

Í kjölfar samkomulags stórþjóðanna í gjaldeyrismálum 18. desember ákváðu íslensk gjaldeyrisyfirvöld að halda gengi krónunnar gagnvart dollar með miðgengi 88,00 krónur hver dollar og óbreyttu frávíki 1% upp og niður fyrir miðgengi, og var dollarinn enn skráður í lægri mörkum gagnvart krónu, kaupgengi 87,12 kr. og sölugengi 87,42 kr. Þetta samsvarar því, að gagnvart




gulli mun gengi krónunnar lækka jafnt og gengi dollars eða um 7.895%, ef framangreindar aðgerðir hljóta staðfestingu.

Eins og fyrr segir, er gengi á öðrum frjálsum gjaldmiðlum en dollar skráð hér miðað við gengi þeirra gagnvart dollar. Hefur því gengi þeirra gjaldmiðla, sem hækkað hafa gagnvart dollar, en það hefur einkum orðið eftir 23. ágúst sl., einnig hækkað gagnvart íslenzkri krónu. Þessi þróun hefur orðið smám saman, eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir breytingar á skráðu meðalgengi kaup- og sölugengis nokkurra helztu gjaldmiðla gagnvart íslenzkri krónu og vegið meðaltal allra skráðra mynta, þar sem bæði er vegið með hlutdeild landa í heildarinn- og útflutningi og hlutdeild einstakra mynta í heildargjaldeyris-kaupum og -sölu, eins og það hlutfall var á 12 mánaða tímabilinu 1. október 1970 til 30. september 1971.

Á 21. töflu er sýnd gengisskráning Seðlabankans í lok hvers mánaðar á árinu 1971.

Þær gengisbreytingar, sem orðið hafa erlendis frá því í maí í ár, hafa haft óhagstæð áhrif á viðskiptakjör Íslendinga, þar sem gengi á Bandaríkjadollar hefur lækkað gagnvart flestum öðrum gjaldmiðlum og útflutningur okkar til Bandaríkjanna hefur að undanfögnu numið um 37% af heildarútflutningi, en innflutningur þaðan um 10% af heildarinnflutningi. Á hinn bóginn hefur gengi á gjaldmiðlum ýmissa landa, sem meiri hlutdeild eiga í innflutningi Íslendinga en útflutningi, hækkað á fyrrgreindu tímabili. Til dæmis hafði gengi erlendra gjaldmiðla hækkað í árslok að meðaltali um 5,5% gagnvart íslenzkri krónu miðað við stofngengi, eins og það var 1. maí sl., ef gengisbreytingar eru vegnar með hlutdeild landa í innflutningi á tímabilinu 1. október 1970 til 30. september 1971. Séu gengisbreytingar hins

**Áhrif gengisbreyt-
inga á viðskiptakjör
og meðalgengi
krónunnar**



Viðskiptasamningar

vegar vegnar með hlutdeild landa í útflutningi á sama tímabili, verður hækkunin aðeins 2,8%. Er þetta sýnt á meðfylgjandi súlnariti, þar sem annar hlutinn sýnir meðaltal þeirra gengisbreytinga, sem orðið hafa frá 1. maí til 31. desember 1971, og breytingar eru vegnar með hlutdeild landa í innflutningi, útflutningi og meðaltali inn- og útflutnings. Hinn hluti súlnaritsins sýnir breytingarnar, vegnar með hlutdeild gjaldeyrstegunda í gjaldeyriskaupum, gjaldeyrissölu og meðaltali af gjaldeyriskaupum og gjaldeyrissölu.

Hinn 12. október 1971 var undirritaður nýr viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu. Er þetta langtímasamningur með gildistíma til 30. september 1976. Eru viðskiptin milli landanna áfram í frjálsum gjaldeyri.

Hinn 2. nóvember 1971 var undirritaður bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur við Rússland á tímabilinu 1972—1975. Skulu viðskiptin fara fram á grundvelli viðskipta- og greiðslusamnings milli landanna frá 1. ágúst 1953. Byggir sá samningur á jafnvirðiskaupum.

Hinn 12. nóvember 1971 var undirritaður bókun um viðskipti Íslands og Póllands fyrir árið 1972 á grundvelli viðskipta- og greiðslusamnings milli landanna frá 12. september 1969. Er gildistími samningsins til ársloka 1974 og byggir á greiðslum í frjálsum gjaldeyri.


Vöruskiptasamningur á jafnvirðiskaupagrundvelli var óbreyttur í gildi við Rúmeníu á árinu og auk þess samningur við Austur-Þýzkaland, sem byggður er á einkaviðskiptum.

Viðskiptasamningar við Brasilíu og Ungverjaland voru í gildi óbreyttir á árinu, og auk þess voru í gildi á árinu almennir viðskiptasamningar við eftirtalin lönd: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgóslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Þýzkaland.

ÞRÓUN PENINGAMÁLA

Þróun peningamála hér á landi hefur að öðru jöfnu mótazt mjög af hagsveiflu þjóðarbúskaparins. Þannig hefur peningamagn í umferð sl. þrjú ár, þ. e. 1969—1971, rösklega tvöfaldazt á sama tíma sem þjóðarframleiðslan (reiknuð á verðlagi hvers árs) jókst um 90%. Árin tvö þar á undan, þ. e. 1967—1968, hafði peningamagnið hins vegar dregizt lítillega saman (2%), en þjóðarframleiðslan aukizt aðeins um 8% þrátt fyrir verulegar verðhækkanir í kjölfar tveggja gengisbreytinga. Meginorsök hagsveiflu þjóðarbúskaparins má, sem áður greinir í þessari skýrslu, rekja til tekjubreytinga útflutningsatvinnuveganna, þá sérstaklega sjávarútvegsins, en sterk og samstæð fylgni ríkir með þróun útflutningstekna annars vegar og þróun þjóðartekna og peninga í umferð hins vegar.

Aukning peningamagns



Eins og meðfylgjandi línurit sýnir, jókst þjóðarframleiðsla á verðlagi hvers árs á árunum 1962—1971 um 16,7% á ári, samtímis því sem meðalaukning¹ peningamagns nam 14,3% á ári. Virðist veltihraði peninga hafa aukizt verulega ár frá ári á tímabilinu 1962—1968. Á árunum 1969 og 1970 dró aftur úr veltihraðanum, sérstaklega fyrra árið, en á árinu 1971 virðist veltihraði peninga hafa aukizt enn á ný.

Veruleg peningabensla varð á árinu 1971, þriðja árið í röð, þó að greinilega hafi dregið úr vaxtarhraðanum miðað við árin á undan. Að meðaltali¹ jókst peningamagnið í umferð um 21,5% árið 1971, en hafði aukizt árið áður um 33,5% og 37,4% árið 1969. Bætt greiðslujafnaðarstaða við útlönd og stóraukin gjaldeyriskaup bankanna umfram gjaldeyrissölu var frumorsök peningabenslunnar árið 1969 og fram á mitt næsta ár, en snemma á árinu 1970 fór að gæta vaxandi lánsfjárþenslu, sem jókst enn frekar á árinu 1971.

Eins og að ofan greinir, má rekja meginorsök peningabenslu á árinu 1971 til útlána bankakerfisins, þó að nettógjaldeyriskaup

¹ Meðaltal hvers mánaðar yfir sama tíma árið áður.



Orsakir peningaþenslu á árinu 1971

bankanna hafi einnig lagt sitt af mörkum. Var hér um svipaða þróun að ræða og árið áður, þó að peningasköpun útlána bankakerfisins hafi vegið þyngra heldur en 1970. Þannig jukust meðalútlán¹ bankakerfisins um 19,3% (3.046 millj. kr.) árið 1971, en höfðu aukizt um 16,1% (2.188 millj. kr.) og 12,7% (1.528 millj. kr.) árin 1970 og 1969, hvort ár um sig. Eftirspurn eftir vörum og þjónustu (= innlend verðmætaráðstöfun), sem hafði dregizt verulega saman á árinu 1969 í kjölfar mikilla verð- og tekjubreytinga, fór aftur vaxandi á árinu 1970 og jókst enn meira á árinu 1971 eða alls um tæp 37% að magni bæði árin. Þessi þróun endurspeglar glöggst annars vegar í vaxandi lánsfjáreftirspurn og hins vegar í aukinni og vaxandi eftirspurn eftir innfluttum vörum og þjónustu svo og gjaldeyri.

Hér að ofan hefur verið rætt um þróun peningamála á grundvelli meðalbreytinga frá ári til árs til þess að auðvelda samanburð við flæðistærðir, þ. e. þróun þjóðartekna, útflutningstekna og aðrar greiðslujafnaðarstærðir. Nú verður gerð nánar grein fyrir breytingum peningastærða frá einum tímamarki til annars, þ. e. milli áramóta eða ársfjórðunga.

Peningamagn í umferð jókst á árinu 1971 (janúar—desember) um tæpar 930 millj. kr., sem er svipuð aukning í krónum og árið áður, en heldur minni í prósentum reiknað eða 17,7% á móti 21,4%, en meðalaukning áratugarins 1961—1970 var 16,4% á ári. Eins og meðfylgjandi tafla og línurit sýna, má rekja frumorsök peningþenslunnar á árinu 1971 til útlána bankakerfisins, sem jukust um 3.816 millj. kr. (21,4%), en nettógjalddeyriseign bankanna jókst um 885 millj. kr. Var hér um svipaða þróun að ræða og árið áður, nema hvað útlánaaukningin, sem nam 2.822 millj. kr. (18,8%), var ekki jafn ráðandi um peningasköpunina, en aukning nettógjalddeyriseignar bankanna nam þá 1.390 millj. kr. Fjármagnsútreymi frá bankakerfinu í heild jókst þannig um röskar 4.800 millj. kr. (22,8%) á árinu 1971, en hafði aukizt um tæpar 4.100 millj. kr. (23,9%) árið áður. Peningþenslan 1971 varð þó minni en efni stóðu til bæði vegna þess, að spari-fjárukning varð mikil á árinu, en þó öðru fremur vegna mikillar aukningar á innstæðum opinberra sjóða í vörzlu Seðlabankans, en þær jukust um tæpar 950 millj. kr. árið 1971 miðað við 200 millj. kr. aukningu árið áður.

Til þess að skilja betur orsakir og samhengi þeirrar heildarþróunar peningamála, sem nú hefur verið stuttlega lýst, er nauðsynlegt að rekja gang þessara mála stig af stigi.

¹ Meðaltal hvers mánaðar yfir sama tíma árið áður.


Reikningar bankakerfisins.¹⁾
(Í millj. kr.)

	Reikningsshreyfingar		Reikningsstaða
	janúar—desember 1970	1971	31. desember 1971
<i>Eignir:</i>			
Erlendar eignir, nettó	+1.390	+ 885	4.091
Innlendir liðir	+2.693	+3.932	21.857
Lán, samtals	+2.822	+3.816	21.661
Lán Seðlabankans ²⁾	+ 185	+ 305	2.112
Lán innlánsstofnana	+2.638	+3.511	19.549
Endurlánað erlent lánsfé ³⁾	÷ 130	+ 116	196
Eignir=Skuldir	+4.083	+4.817	25.948
<i>Skuldir:</i>			
Peningamagn og sparifé, alls	+3.512	+3.516	22.279
Peningamagn	+ 921	+ 928	6.158
Seðlar og mynt í umferð	+ 261	+ 308	1.685
Veltiinnlán	+ 660	+ 620	4.473
Spariinnstæður	+2.576	+2.558	15.922
Geymslufé v/innflutnings	+ 15	+ 30	199
Sjóðir í vörzlu Seðlabankans ⁴⁾	+ 200	+ 943	1.354
Annað, nettó	+ 371	+ 358	2.315

- 1) Seðlabankinn, viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga.
- 2) Lán Seðlabankans til ríkissjóðs og ríkisstofnana eru hér nettó, en lán til fjárfestingarlánasjóða, bæjar- og sveitarfélaga og annarra aðila brúttó.
- 3) Hér er um að ræða erlend lán til ýmissa framkvæmda innanlands, en viðskiptabankar veita milligöngu um útvægum lánanna; mótvægi þessa liðar er að finna í erlendum skuldum eða liðnum „erlendar eignir, nettó“.
- 4) Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga, Tryggingarsjóður fiskiskipa, Verðhækkunarreikningur, Aflatryggingarsjóður og Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

**Þróunin mánuðina
janúar—júní**

Árstíðarlega er peningabenslan héraendis ávallt mest á fyrri hluta árs og þá sérstaklega á öðrum ársfjórðungi, en síðan dregur úr aukningunni á þriðja ársfjórðungi, og á fjórða ársfjórðungi er venjulega um samdrátt peningamagns að ræða. Penningabensla bæði árin 1971 og 1970 fylgdi þessari ríkjandi hefð í einu og öllu. Þannig jókst peningamagn í umferð um 1.275 millj. kr. á tímabilinu janúar—júní 1971, sem er tæpum 350 millj. kr. (37,4%) meiri aukning en á sama tíma árið áður. Olli hér mestu um mjög veruleg útlánaaukning bankakerfisins og þá fyrst og fremst innlánsstofnana, þar eð útlán Seðlabankans til aðila utan bankakerfisins jukust hægar en árið áður. Alls jukust útlán bankakerfisins um 2.700 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins miðað við 1.500 millj. kr. aukningu árið 1970, en á sama tíma jukust erlendar eignir bankakerfisins nettó um 650 millj. kr. og röskar 1.280 millj. kr. árið 1970. Orsök peningabenslu á fyrri hluta 1971 má þannig rekja að fjórum fimmtu til útlánaaukningar og einum fimmta til erlendra eignaaukningar bankakerfisins, en á fyrri hluta 1970 má rekja orsök peningabenslunnar nokkuð að jöfnu til útlána og erlendra eignaaukningar.



Peningaþenslan á fyrri hluta 1971 hefði orðið mun meiri en raun ber vitni, ef ekki hefði notið sterkra gagnverkandi afla mikillar sparifjárukningar og innstæðuaukningar opinberra sjóða í vörzlu Seðlabankans, fyrst og fremst Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og Aflatryggingarsjóðs. Aukning sparifjár á þessum mánuðum nam 1.045 millj., sem var mjög svipuð aukning og árið 1970. Samtímis jukust innstæður opinberra sjóða í vörzlu Seðlabankans um 340 millj. kr., en ekki nema 70 millj. kr. á fyrri hluta 1970.

Útþensla

Eins og áður greinir, stafaði útlánaþenslan á fyrri hluta 1971 að mestu af mjög verulegri útlánaaukningu innlánsstofnana, sérstaklega viðskiptabankanna. Gerð verður nánari grein fyrir útlánnum innlánsstofnana síðar í þessari grein, en útlán þeirra á fyrstu sex mánuðum ársins 1971 jukust um röskar 2.370 millj. kr. eða 1.355 millj. kr. (133,2%) umfram aukningu sama tíma ársins áður.

Útlán Seðlabankans til aðila utan bankakerfisins (þ. e. fyrst og fremst til ríkisins og ríkisstofnana, fjárfestingarlánasjóða, bæjar- og sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja) jukust um tæpar 330 millj. kr. á fyrri hluta 1971, en höfðu aukizt um 480 millj. kr. árið áður. Útlán Seðlabankans til ríkisgeirans og fjárfestingarlánasjóða jukust verulega, en þar sem útlán til annarra aðila og þá fyrst og fremst opinberra fyrirtækja drógust mjög saman, var um minni útlánaaukningu að ræða í heild á fyrri hluta ársins 1971 heldur en árið áður. Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum versnaði um röskar 900 millj. kr., en tæpar 700 millj. kr.

Fjárförf ríkissjóðs

árið 1970. Þessi þróun endurspeglar að verulegu leyti djúpa árstíðarsveiflu, sem venjulega ríkir í fjárförf ríkissjóðs fram á mitt sumar ár hvert. Fjárförf ríkissjóðs á fyrstu mánuðum 1971 virðist þó hafa verið meiri heldur en útskýrt verði með árstíðarsveiflu einni saman, enda styður þróun ríkisfjármála síðari hluta ársins (sem gerð verður grein fyrir síðar) þá skoðun, en staða ríkissjóðs fyrir árið í heild versnaði um 141 millj. kr. miðað við 378 millj. kr. bata á árinu 1970.

Staða ríkisstofnana og annarra ríkisaðila (á B-hluta fjárlaga) gagnvart Seðlabankanum batnaði hins vegar um 223 millj. kr. á fyrri hluta ársins 1971, þannig að í heild versnaði staða ríkisgeirans um 680 millj. kr. á þessum mánuðum, en á sama tíma árið áður hafði staðan versnað um röskar 550 millj. kr.

Lán Seðlabankans til fjárfestingarlánasjóða jukust um 161 millj. kr. á fyrri hluta ársins 1971, en höfðu dregizt heldur saman (11 millj. kr.) á sama tíma árið áður. Lán til annarra aðila drógust hins vegar saman um röskar 500 millj. kr., sem er mun meira en árið 1970, en þau minnkuðu þá um röskar 60 millj. kr. Hér var fyrst og fremst um að ræða endurgreiðslu á láni til skamms tíma, sem veitt var á síðari hluta 1970 til virkjunarframkvæmda. Var alltaf gert ráð fyrir, að lánið yrði endurgreitt af andvirði erlendra lántöku í byrjun næsta árs, en í janúar 1971 tók ríkissjóður 10 milljón dollara skuldabréfalán á hinum evrópska fjármagnsmarkaði, sem endurlánað var til virkjunar- og vegafframkvæmda.

Þróunin mánuðina júlí—desember

Mjög dró úr peningabenslu á þriðja ársfjórðungi 1971, og á fjórða ársfjórðungi var um verulegan samdrátt að ræða. Minnkun á peningamagn í umferð um tæpar 350 millj. kr. á síðari hluta ársins, en hafði haldizt óbreytt á sama tíma árið áður.

Útstreymi fjármagns frá bankakerfinu var þó aðeins lítið eitt minna (80 millj. kr.) á seinni hluta 1971 heldur en árið áður. Það, sem olli samdrætti peningamagns umfram eðlilega árstíðarhreyfingu síðasta ársfjórðungs, var að nokkru áhrif sparifjáraukningar, en þó einkum innstæðuaukningar sjóða í vörzlu Seðlabankans. Aukning sparifjár síðari hluta 1971 var heldur meiri en árið áður, en innstæður opinberra sjóða jukust um röskar 600 millj. kr., sem var tæpum 400 millj. kr. meiri aukning en á síðari hluta 1970.

Nokkuð dró úr aukningu útlána bankakerfisins á síðari sex mánuðum 1971 miðað við sama tíma árið áður, og þó sérstaklega miðað við fyrri hluta sama árs. Nam útlánaaukning röskum 1.100 millj. kr., sem var um 200 millj. kr. minni aukning en á seinni hluta 1970 og tæpur þriðjungur útlánaaukningar ársins í heild. Erlend eignaukning bankakerfisins varð einnig

Reikningar Seðlabankans.
(Í millj. kr.)

	Reikningsshreyfingar		Reikningsstaða
	Janúar—desember 1970	1971	31. desember 1971
<i>Eignir:</i>			
1. Erlendir liðir	+1.600	+1.106	4.642
Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	+1.582	+1.544	5.128
Erlendar skuldir til langs tíma . . .	+ 18	÷ 439	÷ 487
2. Innlendir liðir	÷ 36	+1.130	4.857
Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó .	÷ 269	÷ 13	511
Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs	÷ 378	+ 417	61
Verðbréf ríkissjóðs ¹⁾	÷ 128	÷ 276	276
Ríkisstofnanir ²⁾	+ 237	÷ 154	174
Kröfur á ríkisstofnanir	+ 394	÷ 57	821
(Pá af verðbréf)	(+ 156)	(+ 362)	(680)
Innstæður ríkisstofnana	÷ 157	÷ 97	÷ 647
Kröfur á fjárfestingarlánastofnanir .	÷ 36	+ 369	918
Kröfur á innlánsstofnanir	÷ 222	+ 827	2.746
Endurkaup	÷ 154	+ 309	2.053
Landbúnaður	+ 263	+ 34	1.019
Sjávarútvegur	÷ 432	+ 205	796
Lónaður	÷ 13	+ 27	167
Önnur lán	+ 28	+ 43	71
Verðbréf	+ 30	+ 118	92
Önnur stutt lán	÷ 116	+ 441	516
Reikningsskuldir	+ 18	+ 59	85
Kröfur á aðra aðila	+ 490	÷ 53	682
3. Erlendir og innlendir liðir, alls	+1.564	+2.236	9.499
<i>Skuldir:</i>			
4. Peningasköpun Seðlabankans	+ 946	+ 845	6.524
Innstæður og seðla- og mynteign			
innlánsstofnana	+ 631	+ 647	4.373
Bundnar innstæður	+ 719	+ 671	4.030
Innstæður á uppsagnarreikningum	+ 3	+ 16	25
Veltufjármunir	÷ 91	÷ 40	318
Almennar innstæður	÷ 118	÷ 39	182
Seðlar og mynt í sjóði	+ 27	÷ 1	136
Seðlar og mynt í umferð	+ 261	+ 308	1.685
Innstæður fjárfestingarlánastofnana	+ 54	÷ 110	466
5. Sjóðir í opinberri vörzlu	+ 200	+ 943	1.354
6. Annað, nettó	+ 418	+ 448	1.621

1) Samsvarar verðbréfaskuld ríkissjóðs samkvæmt efnahagsreikningi A-hluta fjárlaga.

2) Meðtalin í þessum lið eru öll viðskipti ríkisins, ríkisstofnana og annarra ríkisaðila, sem eru á B-hluta fjárlaga; bein lánaþyrngreiðsla við Landsvirkjun er þó ekki talin með hér, heldur flokkuð með liðnum „Kröfur á aðra aðila“.

minni á síðari hluta ársins eða um fjórðungur heildaraukningar ársins.

Nánar verður gerð grein fyrir útlánum innlánsstofnana síðar, en útlán þeirra jukust um tæpar 1.140 millj. kr. seinni hluta 1971, sem var innan við helming útlánaaukningar þeirra á fyrri hluta ársins og um 400 millj. kr. minni aukning en á sama tíma 1970. Útlán Seðlabankans til aðila utan bankakerfisins drógust aðeins saman um 20 millj. kr. á seinni hluta 1971, en höfðu minnkað um tæpar 300 millj. kr. árið áður. Fyrir árið 1971 í heild nam

Staða ríkissjóðs



útlánaaukning Seðlabankans þannig rétt röskum 300 millj. kr. eða 100 millj. kr. umfram árið áður.

Staða ríkissjóðs (sem miðast við A-hluta fjárlaga) gagnvart Seðlabankanum batnaði verulega á síðari helmingi ársins 1971 eða um 760 millj. kr., en hafði batnað um tæpar 1.200 millj. kr. árið áður. Var hér eingöngu á árinu 1971 um að ræða hagstæða árstíðarsveiflu, en tekjur ríkissjóðs umfram útgjöld falla ávallt mest til seinni hluta árs. Á árinu í heild versnaði staða ríkissjóðs um 141 millj. kr., og er þá búið að taka tillit til 276 millj. kr. lækkunar verðbréfaskuldar gagnvart Seðlabankanum. Þetta voru snögg umskipti frá árinu 1970, en þá hafði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum batnað um röskar 500 millj. kr. Að nokkru má útskýra hagstæða þróun ríkisfjármála á árinu 1970 með tilkomu hraðari innheimtu söluskatts, sem féll til á síðari hluta þess árs og mun hafa numið í kringum 300 millj. kr. Engu að síður benda þessar upplýsingar til þess, að útgjöld ríkisins hafi vaxið mun örar en tekjur á árinu 1971 og stuðlað þannig að aukinni peninga- og eftirspurnarþenslu.

Staða ríkisstofnana og annarra ríkisaðila gagnvart Seðlabankanum versnaði á seinni hluta 1971 um tæpar 70 millj. kr., þannig að fyrir árið í heild batnaði staða þeirra um röskar 150 millj. kr., en hún hafði versnað um 240 millj. kr. á árinu 1970. Hins vegar er þess að gæta, að á árinu 1971 voru seld spariskirteini ríkissjóðs fyrir um það bil 300 millj. kr. eða fyrir þrefalda upphæð ársins áður, en andvirði seldra spariskirteina er, eins og kunnugt er, notað til fjármögnunar opinberra framkvæmda og fellur til lántöku á B-hluta fjárlaga. Af sölu spariskirteina á árinu 1971 voru tveir þriðju hlutar seldir í desember sl. vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1972, þannig að staða ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði sem nam þeirri upphæð. Fyrir árið 1971 í heild var staða ríkisgeirans (þ. e. staða ríkissjóðs og ríkisstofnana) gagnvart Seðlabankanum svo til óbreytt, en hefði rýrnað um 200 millj. kr., ef ekki hefði notið við sölu spariskirteina vegna framkvæmda 1972.

Lán til fjárfestingarlánasjóða jukust mjög verulega árið 1971 eða um tæpar 370 millj. kr., og nam aukningin á seinni hluta ársins nálægt 210 millj. kr., en á árinu 1970 höfðu lán Seðlabankans til sjóðanna dregizt heldur saman. Um þrír fimmtu (þ. e. 216 millj. kr.) þeirrar aukningar áttu hins vegar rót sína að rekja til endurlána Seðlabankans til Fiskveiðasjóðs af erlendri lántöku, sem tekin hafði verið í þeim tilgangi.

Lán til annarra aðila og þá fyrst og fremst virkjunaraðila höfðu minnkað mjög mikið á fyrri hluta 1971, eins og áður greinir, en jukust aftur á seinni hlutanum um tæpar 460 millj. kr.,

Lausafjárþróun innlánsstofnana

Þannig að í heild minnkuðu lán til þessara aðila um rétt röskar 50 millj. kr. Forsendur fyrir þessum lánveitingum voru hinar sömu og árið áður, og voru lánin til virkjunarframkvæmdanna greidd upp í febrúar í ár af andvirði erlendra lántöku.

Verður nú næst rakið, hvaða áhrif þróun peninga- og útlánamála hafði á lausafjárstöðu innlánsstofnana, en hún hafði rýrn- að mjög á árunum 1966—1968. Á árinu 1969 varð, eins og kunnugt er, mikil breyting þar á, sem hélt áfram fram undir mitt árið 1970. Eins og sjá má af meðfylgjandi töflu um lausafjármyndun innlánsstofnana batnaði lausafjárstaða þeirra alls um 2.134 millj. kr. frá ársbyrjun 1969 til maíloka 1970 og var þá jákvæð um röskar 1300 millj. kr. Tvo þriðju hluta lausafjársbatans á þessum tíma mátti rekja til hagstæðrar markaðs- og framleiðsluþróunar útflutningsgeirans og mikils innstreymis erlends gjaldeyris, en innlend eignaaukning Seðlabankans stóð að baki tæpum þriðjungum lausafjármyndunar innlánsstofnana á þessu tímabili.

Mikil breyting til hins verra varð á þróun lausafjárstöðunnar frá maílokum 1970 til ársloka 1971. Rýrnaði lausafjárstaða innlánsstofnana alls um tæpar 1970 millj. kr. á þessu níttján mánaða tímabili, og var hún orðin neikvæð um röskar 660 millj. kr. í árslok 1971. Á þessum þremur árum, 1969 til 1971, hefur þannig orðið um 2.000 millj. kr. sveifla í lausafjárstöðunni, og í árslok 1971 var lausafjárstaðan aðeins 165 millj. kr. hagstæðari en í árslok 1968. Orsakir rýrnunar lausafjárstöðunnar á þessum tíma má annars vegar rekja til mun minni lausafjársköpunar,¹ en bæði nettógjalddeyriskaup og innlend eignaaukning Seðlabankans að jöfnu námu einungis um fjórðungi þeirrar aukningar, sem varð á tímabilinu janúar 1969 til maíloka 1970. Hins vegar er orsakarinnar einnig að leita til mjög aukins mótvægis lausafjársköpunarinnar (þ. e. aukningar á seðlum og mynt í höndum almennings svo og aukins innstreymis fjármagns til Seðlabankans í formi innstæðna og eiginfjárukningar). Þannig varð nær tvöföldun á mótvægisliðum lausafjársköpunar á síðari hluta þessara þriggja ára miðað við þann fyrri, og vó þar þyngst mikil aukning á innstæðum opinberra sjóða í vörzlu Seðlabankans. Verður nú gerð nánari grein fyrir þróun lausafjárstöðu innlánsstofnana á árinu 1971. Frá árstíðarsjónarmiði er þróun lausafjár-


¹ Hér er átt við, að lausafé innlánsstofnana vaxi við eignaaukningu Seðlabankans, hvort sem um innlenda eða erlenda eignaaukningu er að ræða, þar eð fjármagn streymir að sama skapi frá Seðlabankanum út í hagkerfið. Á sama hátt vex lausaféð við eigin aukningu erlendra eigna innlánsstofnana, þar eð þeim er ávallt hægt að breyta í innlendan gjaldmiðil með sölu til Seðlabankans.

Lausafjármyndun innlánsstofnana.
(Í millj. kr.)

	Janúar—desember			Janúar—maí	
	1969	1970	1971	1970	1971
<i>Aukning:</i>					
Nettó gjaldeyriskaup Seðlabankans	+1.020	+1.378 ¹⁾	+ 889 ¹⁾	+ 825	+ 360
Nettó gjaldeyriskaup viðskiptabanka umfram sölu til Seðlabankans ²⁾	+ 476	÷ 372	÷ 94	+ 301	÷ 207
Nettó gjaldeyriskaup, alls . . .	+1.496	+1.006	+ 795	+1.126	+ 153
Innlend eignaukning Seðlabankans ³⁾	+ 638	+ 62	+ 630	+ 409	+ 761
Samtals	+2.134	+1.068	+1.425	+1.535	+ 914
<i>Mótvegi:</i>					
Seðlar og mynt í umferð	÷ 174	÷ 261	÷ 308	÷ 83	÷ 95
Bundnar innstæður hjá Seðlabankanum	÷ 569	÷ 722	÷ 687	÷ 354	÷ 335
Innstæður fjárfestingarlánasjóða hjá Seðlabankanum . . .	÷ 435	÷ 54	+ 110	÷ 21	÷ 62
Innstæður Verðtryggingarsjóðs o.fl. opinberra sjóða í vörzlu Seðlabankans	+ 80	÷ 200	÷ 943	+ 10	÷ 256
Annað	+ 129	÷ 196 ¹⁾	÷ 232 ¹⁾	÷ 118	÷ 180
Samtals	÷ 969	÷1.433	÷2.060	÷ 566	÷ 928
Breyting á lausafjárstöðu, alls (aukning=+)	+1.165	÷ 365	÷ 635	+ 969	÷ 14

- 1) Úthlutun sérstakra dráttarréttinda (SDR) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árin 1970 og 1971 eru ekki talin með, hvorki í liðnum „Nettó gjaldeyriskaup Seðlabankans“ né mótvirði SDR, sem hefði annars verið í liðnum „Annað“.
- 2) Langar lántökur viðskiptabanka eru ekki meðtaldar, en í þeim viðskiptum eru bankarnir eingöngu milliliðir.
- 3) Yfirdráttarlán og önnur skammtíma lán Seðlabankans til innlánsstofnana eru ekki talin með, þar eð þau eru hluti af lausafjárstöðu þessara aðila.

stöðunnar yfirleitt hagstæðust fyrstu fimm mánuði hvers árs. Orsakast það fyrst og fremst af innlendri eignaukningu (= útstreymi fjármagns) Seðlabankans, en gjaldeyriskaup umfram sölu leggja einnig sitt af mörkum. Þannig aukast endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum sjávarútvegsins mikið á þessum árstíma hávertíðar, auk þess sem árstíðarleg umframfjárförf ríkissjóðs fellur einnig á þennan árstíma og leiðir af sér útstreymi fjármagns frá Seðlabankanum samkvæmt venju. Þrátt fyrir árstíðarsveiflu upp á við, sem að framan er lýst, rýrnaði lausafjárstaða innlánsstofnana lítið eitt (14 millj. kr.) á tímabilinu janúar—maí 1971, en á sama tíma árið áður hafði hún batnað um tæpar 970 millj. kr. Þessi þróun átti sér stað, þrátt fyrir að innlend eignaukning Seðlabankans ykist um röskar 760 millj. kr. eða 350 millj. kr. umfram aukninguna á sama tíma árið



Samhengi þróunar útlána og gjaldeyris- eftirspurnar

1970. Orsök þessarar djúpu sveiflu lausafjárstöðunnar er hins vegar að finna í verulegri rýrnun á nettógjalddeyriskaupum svo og auknu mótvægi fjármagnsinnstreymis til Seðlabankans. Þannig jukust nettógjalddeyriskaup bankanna aðeins um röskar 150 millj. kr. fyrstu fimm mánuði 1971 miðað við tæpa 1.130 millj. kr. aukningu árið áður, en mótvægi fjármagnsinnstreymis (innstæðu- og eiginfjárukningar) til Seðlabankans og seðla- og myntaukningar hjá almenningi nam tæpum 930 millj. kr. eða röskum 360 millj. kr. meira en á árinu 1970.

Rýrnun lausafjárstöðu innlánsstofnana hélt áfram á seinni hluta ársins 1971, og versnaði lausafjárstaðan fyrir árið í heild um 635 millj. kr., en hafði dregið saman um 365 millj. kr. árið 1970. Versnaði lausafjárstaða innlánsstofnana árið 1971 þannig um 270 millj. kr. umfram árið áður, enda þótt lausafjármyndun gjaldeyriskaupa og innlestrar eignaukningar Seðlabankans hafi aukizt töluvert meira (1.425 millj. kr.) heldur en árið 1970 (1.068 millj. kr.). Það, sem gerði muninn og verkaði mest til aðhalds lausafjárukningar, var mikil aukning fjármagnsinnflæðis til Seðlabankans í formi innstæðu- og eiginfjárukningar. Í heild nam þetta innstreymi 2.060 millj. kr., en hafði numið röskum 1.430 millj. kr. árið 1970. Stafaði þessi innstreymisaukning eingöngu af aukningu innstæðna hjá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins o. fl. opinberum sjóðum, sem eru í vörzlu Seðlabankans, en innstæður þessara aðila jukust um röskar 940 millj. kr. eða um 740 millj. kr. meira en árið 1970. Seðlar og mynt í umferð utan bankakerfisins jukust einnig um tæpar 50 millj. kr., sem verkar og til aðhalds lausafjárukningu innlánsstofnananna.

Hér að framan hefur verið leitast við að draga fram í dagsljósið þá fjármagnsstrauma, sem verka beint á lausafjárstöðu innlánsstofnana. Hins vegar liggja þeim til grundvallar aðrir straumar, sem öðru fremur móta þróun lausafjárstöðunnar. Þróun nettógjalddeyriskaupa (þ. e. kaupa gjaldeyris umfram sölu) endurspeglar breytingar á greiðslujöfnuðinum við útlönd eða breytingar á framboði og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Framboð erlends gjaldeyris er óháð stærð, sem lýtur ekki beinni peningalegri stjórnun, nema ef til vill ef lánsfjárskortur hefur leitt af sér samdrátt hjá útflutningsatvinnuvegunum. Eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, hin hliðin á myndinni, er aftur á móti mjög háð þróun peninga- og útlánamála. Þannig leiðir aukning útlána að öðru jöfnu af sér aukna eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri til kaupa á vörum og þjónustu frá útlöndum. Hér á landi er fylgni útlána og gjaldeyriseftirspurnar sennilega allmikil og meiri en í nágrennalöndunum. Frumathugun, sem gerð hefur

verið á þessu sambandi, hefur leitt í ljós, að reikna megi með því, að sérhver 100 millj. kr. útlánaaukning leiði af sér á sama ári aukningu eftirspurnar eftir erlendum gjaldeyri, sem nemur 40—45 millj. kr. Samkvæmt þessu mati má ætla, að útlánaaukning innlánsstofnana árið 1971 hafi leitt af sér aukna gjaldeyriseftirspurn og -sölu, sem nam 1.400—1.600 millj. kr., og samsvarandi tölur fyrir árið 1970 eru 1.060—1.200 millj. kr. Þetta sterka samhengi útlána og gjaldeyriseftirspurnar er rakið hér til þess að draga fram í dagsljósið áhrif útlána á eigin lausafjárstöðu. Útlánaaukning verkar þannig til rýrnunar lausafjárstöðu gegnum eftirspurnarhlið erlends gjaldeyris. Auk þess leiðir aukning útlána að öðru jöfnu einnig af sér aukningu veltiinnstæðna (og peningaþenslu), sem aftur leiðir af sér aukna bindiskyldu gagnvart Seðlabankanum og rýrnun eigin lausafjárstöðu. Áður í þessum kafla hefur þróun útlána innlánsstofnana verið rakin í stórum dráttum. En eins og þar kom fram, jukust útlán þeirra mjög verulega bæði árin 1970 og 1971 og þá sérstaklega á síðari hluta 1970 og fyrri hluta 1971. Ekki orkar tvímælis, að sterkt samhengi ríkti á þessum tíma með aukningu útlána og versnandi lausafjárstöðu innlánsstofnana.

Stefna Seðlabankans í peningamálum

Á árinu 1969 hafði Seðlabankinn fylgt þeirri meginstefnu að stuðla að sem örastrí framleiðslu- og atvinnuaukningu í kjölfar gengisbreytingarinnar frá því í nóvember 1968. Voru lán til atvinnuveganna, sérstaklega sjávarútvegs, iðnaðar og bygginga, aukin verulega í þeim tilgangi, enda var fjárhagsaðstaða margra fyrirtækja mjög slæm eftir undangengin örðugleikaár.

Stefna Seðlabankans á árunum 1970 og 1971 hneigðist hins vegar til aukins aðhalds í peningamálum. Í þeim tilgangi voru bæði teknar upp beinar viðræður við viðskiptabankana til aðhalds útlánaaukningar, jafnframt því sem á árinu 1971 var hert að yfirdráttarskilmálum innlánsstofnana almennt.

Útlánamarkmið

Undir mitt ár 1970 gerði Seðlabankinn samkomulag við viðskiptabankana um það, að þeir stefndu að því að auka ekki útlán sín um meira en 14% fyrir árið í heild. Með þessu samkomulagi vildi Seðlabankinn koma í veg fyrir, að rúm lausafjárstaða bankanna, sem hafði batnað mjög verulega allt frá árslokum 1968, ýtti undir ofþenslu eftirspurnar á grundvelli lánsfjár og enn frekari peningaþenslu. Var þessi leið valin umfram beitingu almennra hagstjórnartækja sérstaklega með hliðsjón af því, að fastlega var gert ráð fyrir óhagstæðari þróun greiðslujafnaðar og verulegs ártíðarlegs innstreymis fjármagns til Seðlabankans á síðari hluta ársins.

síðari hluta ársins, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Heldur dró einnig úr útlánaþenslunni á þriðja ársfjórðungi 1970, en jókst aftur á síðasta ársfjórðungnum. Fyrir árið í heild jukust útlán viðskiptabankanna um 19,2% miðað við 14% útlánamarkmið eða 585 millj. kr. umfram það, sem að var stefnt. Kom þetta einnig glöggt fram í lausafjárstöðu þeirra, sem versnaði um tæpar 1.100 millj. kr. á síðustu sjö mánuðum ársins og 300 millj. kr. fyrir árið 1970 í heild.

Í ársbyrjun 1971 gerði Seðlabankinn aftur samkomulag við viðskiptabankana um takmörkun útlána og var að því stefnt, að útlán myndu ekki aukast umfram 12% fyrir árið 1971 í heild. Lausafjárstaða viðskiptabankanna var lítið eitt neikvæð um ársbyrjun, en gert var ráð fyrir, að staðan myndi batna vegna sterkrar samfylgjandi árstíðarsveiflu í útstreymi fjármagns frá Seðlabankanum, annars vegar vegna fjárþarfar ríkissjóðs og hins vegar vegna aukinna endurkaupa sjávarafurðavíxla. Andstæð árstíðarsveifla ofangreindra greiðslustrauma samfara versnandi greiðslujöfnuði og vaxandi sjóðsmyndun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna hagstæðrar verðþróunar erlendis var svo talin geta valdið bönkunum miklum lausafjárörðugleikum á seinni hluta ársins, ef fyllsta aðhalds í útlánnum væri eigi gætt.

Horft um öxl má segja, að viðleitni til aðhalds útlána með beinum viðræðum og útlánamarkmiðum hafi gefið mjög takmarkaðan árangur, þó að telja meg, að skilningur á þörf slíks aðhalds hafi aukizt í ljósi reynslunnar. Þannig jók enn á útlánaþensluna frá fyrra ári á fyrstu mánuðum 1971, sem endurspegladist glöggt í þróun lausafjárstöðu viðskiptabankanna. Að öðru jöfnu mátti gera ráð fyrir, að lausafjárstaðan batnaði á fyrstu fimm mánuðum ársins. Hins vegar rýrnaði staða viðskiptabankanna um röskar 120 millj. kr. á þessum tíma, en hún hafði batnað árið 1970 um röskar 800 millj. kr. Upp úr miðju ári dró úr þenslu útlána, og hélzt útlánaaukningin, það sem eftir var ársins, á svipuðu stigi og árið áður. Fyrir árið 1971 í heild nam aukning útlána 21,6%, sem var tæpum 10% (1.286 millj. kr.) umfram útlánamarkmiðið, jafnframt því sem lausafjárstaða viðskiptabankanna versnaði um röskar 560 millj. kr. Útlánamarkmiðið tók hvorki til sparisjóða né innlánsdeilda kaupfélaga, en útlán þessara aðila jukust á árinu 1971 hlutfallslega mjög líkt og viðskiptabankanna, en lausafjárstaða sparisjóða versnaði um röskar 60 millj. kr.

Verður nú nánar vikið að starfsemi innlánsstofnana, þ. e. viðskiptabanka, sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga, á árinu 1971. Á árinu 1971 fjölgaði viðskiptabönkum um einn, þar eð Spari-

Takmarkaður árangur af viðleitni til útlánaaðhalds

Starfsemi innlánsstofnana

sjóði alþýðu var breytt í Alþýðubankann h/f. Voru viðskiptabankarnir þar með orðnir sjö talsins við árslok 1971 með 54 útibúum, en sparisjóðir 50 og innlánsdeildir kaupfélaga 40.


Ársméðaltöl útlána

Í heild jukust útlán innlánsstofnana frá ársbyrjun til ársloka 1971 um röskar 3.500 millj. kr. (21,9%) miðað við um 2.640 millj. kr. (19,7%) aukningu árið áður. Meðalaukning hvers mánaðar miðað við sama mánuð árið áður var hins vegar töluvert meiri eða 24,9% miðað við 15,8% árið 1970, en meðalmánaðaraukning tíu ára 1962—1971 nam 14,9%, eins og sést í meðfylgjandi línuriti. Voru fjögur þessara ára (þ. e. árin 1964 og 1967—1969) undir meðaltalinu og frá bilinu 10,8%—11,6%, en sex ár voru fyrir ofan meðaltalið, og var meðalmánaðaraukning, sem endurspeglar bezt þenslu útlána fyrir hvert ár, á árinu 1971 langhæst eða tæp 25%, eins og áður greinir, en hin árin lágu á bilinu 15,8%—21,3%.

Flokkun útlána

Við árslok 1970 var lánaflokkun innlánsstofnananna tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Leiddi sú skoðun í ljós, að mjög skorti á sambærileika í flokkun lána milli einstakra stofnana, sem að sjálfsögðu leiðir af sér, að allur samanburður milli ára um lán til einstakra flokka verður mjög varhugaverður. Voru gerðar úrbætur hér á, jafnframt því sem lánaflokkum var fjölgað úr ellefu í sextán. Tafla 14 í töflusafni aftast í þessari skýrslu sýnir stöðutölur samkvæmt nýju útlána flokkuninni fyrir árslok 1970 og 1971 ásamt breytingu lána fyrir árið 1971. Samkvæmt þessum tölum hafa útlán til atvinnurekstrar á árinu 1971 aukizt mest eða um 2.476 millj. kr. (23,1%). Varð aukningin mest í krónum metin til sjávarútvegs (719 millj. kr.), verzlunar (561 millj. kr.), þjónustustarfsemi (311 millj. kr.), landbúnaðar (221 millj. kr.) og samgangna (219 millj. kr.). Útlán til einstaklinga jukust um 635 millj. kr. (18,9%) og þá fyrst og fremst vegna íbúðabygginga. Lán til annarra lánastofnana, nær eingöngu fjárfestingarlánasjóða, jukust um 229 millj. kr. (22,8%), og lán til opinberra aðila (þ. e. ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga) fóru upp um 171 millj. kr. (18%). Samkvæmt þessu voru tveir þriðju hlutar útistandandi lána innlánsstofnana við árslok 1971 í höndum aðila atvinnurekstrar, einn fimmti hluti hjá einstaklingum og röskur tíundi hluti hjá opinberum aðilum og öðrum lána stofnunum.

Heildarinnstæður innlánsstofnana (þ. e. velti- og spariinnstæður ásamt innstæðum á geymslureikningi vegna innflutnings) hækkuðu um röskar 3.300 millj. kr. eða 19,7% frá ársbyrjun til ársloka 1971, en höfðu aukizt um 3.200 millj. kr. eða 23,5% árið áður. Meðalaukning heildarinnstæðna á mánuði 1971 miðað við árið áður var 22,8% og 27,3% árið 1970, en meðalaukning hvers



mánaðar miðað við árið áður var 16% á tíu ára tímabilinu 1962—1971. Lá meðaltal átta ára um eða fyrir ofan meðaltal heildarinnar, en á tekj samdráttarárunum 1967—1968 varð veruleg breyting þar á. Jukust meðalinnstæður hvers mánaðar á árinu 1967 aðeins um 9,5%, en minnkuðu um röskt 1% árið 1968.

Aukning velti- og spariinnlána árið 1971 var mjög svipuð í milljónum króna og árið áður, þó svo að prósentubreytingin hafi orðið minni vegna hærri viðmiðunarstofns á árinu 1971. Veltiinnlán jukust um 730 millj. kr. (22,3%) miðað við 606 millj. kr.

Reikningar innlánsstofnana.¹⁾

(Í millj. kr.)

	Reikningshreyfingar		Reikningsstaða
	janúar—desember 1970	1971	31. desember 1971
<i>Eignir:</i>			
1. Lausafjárstaða	÷ 365	÷ 635	÷ 662
Innlend staða	+ 7	÷ 541	÷ 283
Seðlar og mynt	+ 27	÷ 1	136
Almennar innstæður	÷ 118	÷ 40	182
Lausaskuldir við Seðlabankann	+ 98	÷ 500	÷ 601
Stutt lán	+ 116	÷ 441	÷ 516
Reikningsskuldir	÷ 18	÷ 59	÷ 85
Erlend staða	÷ 372	÷ 94	÷ 378
2. Bundnar innstæður hjá Seðlabankanum	+ 719	+ 671	4.030
3. Innstæður á uppsagnarreikningum	+ 3	+ 16	25
4. Útlán	+2.638	+3.513	19.551
5. Endurlánað erlent lánsfé	÷ 130	+ 116	196
6. Eignir=Skuldir	+2.865	+3.681	23.140
<i>Skuldir:</i>			
7. Innstæður, alls	+3.197	+3.318	20.128
Veltiinnlán	+ 606	+ 730	4.007
Spariinnlán	+2.576	+2.558	15.922
Geymslufé vegna innflutnings	+ 15	+ 30	199
8. Fyrirgreiðsla Seðlabankans	÷ 124	+ 327	2.145
Endurkaup	÷ 154	+ 309	2.053
Verðbréf	+ 30	+ 18	92
9. Erlent lánsfé til langs tíma	÷ 162	+ 127	173
10. Eigið fé	+ 137	+ 85	1.426
11. Annað, nettó	÷ 183	÷ 176	÷ 732

1) Viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga.

(22,3%) árið 1970, og aukning spariinnlána nam 2.558 millj. kr. (19,1%) miðað við 2.576 millj. kr. (23,8%) aukningu árið 1970.

Endurkaup Seðlabankans jukust á árinu 1971 um 309 millj. kr., en höfðu minnkað um 154 millj. kr. árið áður. Stafaði þessi breyting nær eingöngu af birgðasveiflu sjávarútvegs, þar eð mjög lítil breyting varð á öðrum endurkaupum. Þannig hafði orðið veruleg birgðalækkun sjávarafurða á árinu 1970, en á sl. ári var um hækkun að ræða, sem stuðlaði að hækkun endurkaupa sjávarafurða, sem jukust um 205 millj. kr. miðað við 432 millj. kr. lækkun árið 1970. Reglur Seðlabankans um endurkaup afurðalána héldust hins vegar óbreyttar á árinu 1971, en erlendar verðhækkningar sjávarafurða leiddu af sér hækkad viðmiðunarverð, er stuðlaði einnig að hækkun endurkaupa á árinu. Endurkaup vegna landbúnaðarafurða hækkðu aðeins lítið eitt eða um 34 millj. kr., en höfðu hækkað um röskar 260 millj. kr. árið 1970. Hækkun endurkaupa frá landbúnaði á árinu 1971 varð ekki meiri en að framan getur þrátt fyrir um 11% meðalhækk-

Greiðslufirlit fjárfestingarlánasjóða 1970 og 1971.
(Í millj. kr.)

	1970	1971
<i>Uppruni fjármagns:</i>		
Eigin fjármögnun	1.648	1.691
Afborganir af veittum lánum	797	866
Vaxtatekjur og vísitöluálög	851	825
Bein framlög án endurgjalds	884	967
Skatttekjur ¹⁾ og ríkisframlög	559	752
Framlög sveitarfélaga	24	31
Önnur framlög	301	184
Lántökur	856	1.273
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	-	10
Viðskiptabankar	352	383
Seðlabankinn (þ.m.t. erlent fé)	51	268
Skyldusparnaður	250	337
Atvinnuleysistryggingarsjóður	104	174
Annað	98	101
Samtals	3.388	3.931
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>		
Lánveitingar	2.070 ²⁾	2.894 ²⁾
Afborganir af teknum lánum	332	392
Endurgreiddur skyldusparnaður	161	226
Greiddir vextir og vísitöluálög	542	479
Annað, nettó	196	128
Aukning á sjóðs- og bankainnstæðum	87	÷ 188
Samtals	3.388	3.931

1) Tekjustofnar ríkissjóðs, sem ráðstafað er fyrirfram.

2) Þar af 11 millj. kr. í bráðabirgðalánum 1970 og 85 millj. kr. 1971.

un endurkaupaverðs. Orsökina má annars vegar rekja til minni aukningar á endurkaupum vegna kindakjöts, sem hækkuðu um 59 millj. kr. miðað við 118 millj. kr. hækkun árið 1970, og hins vegar til verulegrar lækkunar á endurkaupum vegna mjólkurafurða, er drógust saman um 66 millj. kr. miðað við 119 millj. kr. aukningu árið 1970. Réð hér mestu um veruleg lækkun smjör- og ostabirgða á árinu 1971. Önnur endurkaup jukust um 70 millj. kr., en höfðu aukizt um 15 millj. kr. árið 1970. Er hér um lán til iðnaðar að ræða auk ýmissar annarrar fyrirgreiðslu. Eins og áður greinir, varð engin breyting á reglum um bindiskyldu á árinu 1971. Nam aukning bundinna innstæðna innlánsstofnana hjá Seðlabankanum alls um 671 millj. kr. á árinu 1971, en þær höfðu aukizt um 719 millj. kr. árið áður.

Starfsemi fjárfestingarlánasjóða

Útlán fjárfestingarlánasjóða námu 2.894 millj. kr. árið 1971, en það er 824 millj. kr. eða nær 40% hærri fjárhæð en 1970. Mikill hluti af þessari aukningu stafar af meiri umsvifum Fiskveiðasjóðs, en útlán hans jukust um 346 millj. kr. og námu 842

Útlán fjárfestingarlánasjóða.
(Í millj. kr.)

	1970	1971
Stofnlánadeild landbúnaðarins	142	257
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	92	19
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	9	7
Fiskveiðasjóður	496	842
Verzlunarlánasjóður	33	40
Iðnlánasjóður	183	131
Iðnþróunarsjóður	31 ¹⁾	222 ¹⁾
Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild L. Í.	681	972
Byggingarsjóður verkamanna	20	13
Atvinnuþjófnumarsjóður	238	229
Framkvæmdasjóður bein útlán	80	70
„ „ lán til annarra sjóða	(398)	(377)
Lánasjóður sveitarfélaga	60	73
Ferðamálasjóður	5	19
Samtals	2.070	2.894

1) Þess utan voru lán til Iðnlánasjóðs 50 millj. kr. 1970 og 24 millj. kr. 1971.

millj. kr. á árinu. Þá varð og 115 millj. kr. aukning í útlánnum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og urðu þau alls 257 millj. kr. Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins og Veðdeildar Landsbanka Íslands jukust um 291 millj. kr. og urðu alls 972 millj. kr., en aukning þessi endurspeglar meiri íbúðabyggingar á árinu. Útlán Iðnþróunarsjóðs jukust um 191 millj. kr., og eru þar ekki talin lán hans til Iðnlánasjóðs, er námu 50 millj. kr. 1970 og 24 millj. kr. 1971.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða

Fjárfestingarlánasjóðirnir fjármagna starfsemi sína með þrennu móti, þ. e. vaxtatekjum og afborgunum af veittum lánnum, beinum fjárframlögum, aðallega frá ríkinu, og með lántökum. Árið 1971 jukust lántökur sjóðanna um 417 millj. kr. eða úr 856 millj. kr. 1970 upp í 1.273 millj. kr. árið 1971. Veigamestar urðu lántökur hjá viðskiptabönkunum, 383 millj. kr., en þar af voru 314 millj. kr. teknar að láni af Framkvæmdasjóði samkvæmt samningi hans við viðskiptabankana. Þá voru 52 millj. kr. skuldaaukning við Seðlabankann, en 216 millj. kr. voru erlent lán, tekið af Seðlabankanum fyrir Fiskveiðasjóð. Innkominn skyldusparnaður jókst óvenjumikið á árinu eða úr 252 millj. kr. í 337 millj. kr. Þá jukust og lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins úr 104 millj. kr. 1970 í 174 millj. kr. 1971. Á 17.—19. töflu í töflusafni aftast í þessari skýrslu er gerð nánari grein fyrir viðskiptum og fjármögnun einstakra sjóða.

STJÓRN OG STARFSEMI SEÐLABANKANS

Stjórn bankans

Hinn 18. febrúar lézt Sigtryggur Klemenzson, seðlabankastjóri. Svanbjörn Frímansson var skipaður seðlabankastjóri á árinu, og tók hann til starfa 1. maí. Hann er fæddur 14. júlí 1903 og hóf störf við Íslandsbanka á Akureyri árið 1920. Hann varð starfsmaður Landsbankans árið 1936. Aðalféhirðir bankans var hann frá 1937 til 1942, formaður Viðskiptaráðs frá 1942 til 1945 og aðalbókari Landsbankans frá 1945 til 1957, er hann varð bankastjóri, en því starfi gegndi hann til 1971. Hann var settur seðlabankastjóri hluta ársins 1969 í veikindaförföllum Sigtryggs Klemenzsonar. Að öðru leyti varð ekki breyting á skipan bankastjórnarinnar, en formaður hennar er dr. Jóhannes Nordal. Engar breytingar urðu á skipan bankaráðsins á árinu. Kjörtími þess er til ársloka 1972.

Rekstur Seðlabankans

Rekstrarhagnaður Seðlabankans á árinu 1971 reyndist 51,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Til gjalda höfðu þá verið færðir 9% vextir af eigin sjóðum bankans og auk þess 13% arður af stofnfé. Arðgreiðslan er lögð í arðsjóð, en helmingi árlegra tekna hans er varið til starfsemi Vísindasjóðs. Auk ofangreinds rekstrarhagnaðar var óráðstafaður tekjuafgangur frá árinu 1970 4,2 millj. kr., svo að til ráðstöfunar komu alls 55,6 millj. kr. Bankaráð ákvað að leggja í varasjóð 23,6 millj. kr., í húsbýggingarsjóð 19,1 millj. kr. og í arðjöfnunarsjóð 7,3 millj. kr., en eftir stendur óráðstafað til næsta árs 5,6 millj. kr.

Nokkrar breytingar urðu á gengisskráningu á árinu, og námu hækkanir á erlendum eignum bankans af þeim sökum alls 84,1 millj. kr. miðað við lokagengisskráningu ársins. Upphæðin var færð á gengisreikning bankans, enda er sá reikningur ætlaður til að mæta sveiflum á erlendum eignum, sem orsakast af daglegum gengisskráningum.

Ekki var talið ráðlegt að endurmeta erlend verðbréf samkvæmt markaðsskráningu í árslokin, en framkominn hagnaður af seldum erlendum verðbréfum að upphæð 32,1 millj. kr. var færður

**Reglur um
innlánsbindingu**

7% dagvextir á ári, reiknaðir mánaðarlega eftir á, auk 3% viðskiptagjalds af upphæð lánsheimildar.

Vextir af afurðalánnum eru breytilegir. Afurðalán, endurseld Seðlabankanum vegna útflutningsafurða, eru með 6% ársvöxtum, en önnur endurseld afurðalán eru með 7½% ársvöxtum. Viðbótarlán viðskiptabanka, sem ekki eru endurseld Seðlabankanum og veitt eru út á afurðir, svo og útgerðarlán gegn veði í væntanlegum afla, eru með 8% og 8½% ársvöxtum.

Reglur um innlánsbindingu voru óbreyttar allt árið, svo og vextir af bundnum innstæðum, en þeir eru hæstir 9½%. Bindiskylduhlutföll eru því enn 30% af aukningu heildarinnstæðna eða 3% af heildarinnstæðum, hvort sem hærra er. Bundin innstæða hvernar innlánsstofnunar skal þó ekki fara fram úr 20% heildarinnstæðna hjá henni í lok hvers árs, og hafa nú allar innlánsstofnanir náð því hámarki, svo að binding nemur í raun 20% af aukningu innstæðna.

Seðlar og mynt

Í aprílmánuði var 5000 króna seðill settur í umferð. Hefur þegar komið í ljós, að mikil þörf var fyrir þessa seðlastærð, en í árslok skiptist seðlavelta í stærðum þannig:

5000 kr. seðill	42,2%
1000 kr. seðill	42,7%
500 kr. seðill	4,9%
100 kr. seðill	9,0%
aðrir seðlar	1,2%
	<hr/>
	100,0%

Fimm og tíu króna seðlar hafa verið innkallaðir og hafa ekki lengur umferðargildi. Tuttugu og fimm króna seðill er ekki lengur settur í umferð. Hann hefur hins vegar ekki verið innkallaður. Engin breyting varð í myntsláttu á árinu.

**Starfsemi
bankaeftirlitsins á
árinu 1971**

Starfsemi bankaeftirlitsins er byggð á ákvæðum í 10. gr. Seðlabankalaganna, en þar segir m. a.:

„Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hvernar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans. Bankaeftirlitið, en svo skal þessi starfsemi nefnast, skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Einnig skal því heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan.“

Í 30. gr. reglugerðar fyrir Seðlabankann er síðan tekið fram, að fulltrúi bankaeftirlitsins skuli koma í innlánsstofnanir til eftirlits svo oft sem þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar að jafnaði en annað hvort ár.

Eftirlit með starfsemi viðskiptabankanna er mjög viðamikið verkefni. Seint á sl. ári tók bankaeftirlitið upp ný vinnubrögð á þessu sviði, sem fela í sér miklu umfangsmeiri athuganir á efnahag og rekstri einstakra banka en bankaeftirlitið hefur áður framkvæmt. Fyrir sl. áramót lauk fyrstu athugun af þessu tagi, og verður áfram haldið á sömu braut á þessu ári.

Í ársbyrjun 1971 voru sparisjóðir hér á landi 53 talsins, og komu fulltrúar bankaeftirlitsins til eftirlits í 47 þeirra á árinu. Landsbanki Íslands yfirtók á árinu rekstur tveggja sparisjóða (Sparisj. Raufarhafnar og nágr. og Sparisj. Hornafjarðar), og Alþýðubankinn hf. tók við rekstri Sparisjóðs alþýðu. Í árslok 1971 voru sparisjóðirnir því 50 að tölu.

Innlánsdeildir samvinnufélaga voru 40 talsins í árslok 1971. Bankaeftirlitið fylgist reglulega með bókhaldi innlánsdeildanna, fyrst og fremst vegna framkvæmdar á ákvæðum um innlánsbindingu innlánsstofnana, en um fullt eftirlit með starfsemi innlánsdeildanna getur ekki orðið að ræða af hálfu bankaeftirlitsins, þar sem innlánsdeild og viðkomandi samvinnufélag hafa ekki aðskilinn fjárhag.

Bankaeftirlitið annast um ýmis önnur verkefni en þau, sem nú hafa verið nefnd. Á árinu 1971 voru þessi verkefni með líku sniði og áður, og verður ekki gerð grein fyrir þeim að þessu sinni.

Stofnun gírókerfis

Í póstlögum frá 1941 var póststjórninni veitt heimild til að starfrækja póstgíró. Fyrir nokkrum árum hóf hún athugun á því að taka upp þessa starfsemi. Voru teknar upp viðræður milli póststjórnarinnar og bankanna að fyrirlagi Seðlabankans, og leiddu þær til þess, að heildarsamningur um málið var gerður snemma á árinu með aðild póststjórnarinnar, viðskiptabankanna, Sambands íslenskra sparisjóða og Seðlabankans. Hófst starfsemin 1. júní, og er hún með sama móti og gíróstarfsemi erlendis. Samstarf banka og pósts á þessu sviði er hins vegar óþekkt erlendis.

Útflutningsláναςjóður

Á árinu 1970 voru sett lög um Útflutningsláναςjóð með heimild til handa Seðlabanka, Landsbanka og Iðnláναςjóði að gerast stofnaðilar með fjárframlögum. Gerðu þessir aðilar með sér samning um stofnun Útflutningsláναςjóðs hinn 20. janúar 1971. Um það leyti var sett reglugerð um sjóðinn, og tók hann til starfa þá þegar.

Veitt eru annars vegar svokölluð útflutningslán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra

**Gjaldeyrislöggjöf
og réttindi til
gjaldeyrisviðskipta**

**Löggjöf um
Framkvæmdastofnun
ríkisins**

fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innanlands. Skulu slík lán tryggð hjá Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð.

Hins vegar er um að ræða samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands í samkeppni við erlenda aðila gegn bankaábyrgð, beinni milligöngu viðskiptabanka eða annarri fullgildri ábyrgð. Koma þessi lán í stað lána, er Seðlabankinn hefur um nokkurra ára skeið veitt í þessu skyni.

Samkvæmt lögum sjóðsins skulu stofnaðilar leggja honum til 150 millj. kr. framlag á þremur til fimm árum. Á fyrsta starfsárinu veitti sjóðurinn 48 lán að fjárhæð 49,7 millj. kr. Voru samkeppnislán 47 að fjárhæð 30,3 millj. kr., en eitt útflutningslán að fjárhæð 19,4 millj. kr., sem var veitt vegna sölu á tveimur rækjubátum til Indlands.

Stjórn sjóðsins er í höndum þriggja manna, sem stofnaðilar tilnefna. Aðrir viðskiptabankar geta síðar orðið aðilar að sjóðnum með framlagsfé og samningi við stofnaðila. Sjóðurinn er í daglegri umsjá Landsbankans, og frekari frásögn um störf hans og reikninga verður birt í ársskýrslu hans. Fulltrúi Seðlabankans í stjórn sjóðsins er Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri.

Í marzmánuði lagði bankastjórnin til, að Búnaðarbanka, Iðnaðarbanka og Verzlunarbanka yrði veitt heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri skv. heimild í lögum Seðlabankans. Jafnframt var samið á vegum Seðlabankans frumvarp til nýrra laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sem var ætlað að koma í staðinn fyrir núverandi löggjöf um þetta efni frá 1960. Bar þessi mál að samtímis, þar sem það var álit bankastjórnar Seðlabankans, að jafnhliða veitingu nýrra gjaldeyrisréttinda væri nauðsynlegt, að allir gjaldeyrisviðskiptabankar væru háðir ýmsum frekari skilmálum um þessi réttindi en nú er að finna í lögum. Frumvarpið var flutt á Alþingi sem stjórnarfrumvarp, en það náði ekki fram að ganga. Var því að sinni horfið frá því, að nýjum aðilum yrði veitt heimild til gjaldeyrisverzlunar.

Með lögum nr. 66 frá 13. maí 1966 um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagrád var Seðlabankanum falið að hafa umsjá og rekstur Framkvæmdasjóðs Íslands, jafnframt því sem Framkvæmdabanki Íslands var lagður niður. Flutti öll starfsemi sjóðsins í hús bankans snemma á árinu 1967, og starfsmenn sjóðsins urðu starfsmenn bankans. Sjóðurinn var hins vegar undir þingkjörinni stjórn. Með sömu löggjöf var kveðið á um starfsemi Efnahagsstofnunarinnar. Samkvæmt lögnum greiddu ríkissjóður, Seðlabankinn og Framkvæmdasjóður hver þriðjung rekstrarkostnaðar hennar, jafnframt því sem þessir aðilar áttu

aðild að stjórn stofnunarinnar. Með nýjum lögum nr. 93/1971, sem tóku gildi hinn 1. janúar 1972, er ný stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins sett á laggirnar, en Efnahagsstofnunin og Hagráð jafnframt lögð niður. Hinni nýju stofnun er falin umsjá og stjórn Framkvæmdasjóðs og Bygðasjóðs, sem tók við af Atvinnujöfnunarsjóði.

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er ríkisstjórninni til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála.

Stofnunin starfar í þremur deildum, hagrannsóknadeild, áætlana-deild og lánadeild. Stjórn hennar er skipuð 7 mönnum, kjörnum á Alþingi. Dagleg stjórn hennar er í höndum þriggja manna framkvæmdaráðs.

Alþjóðastofnanir

Sæðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda greiðsluviðskipti Íslands bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Alþjóðabankann (IBRD), svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaprúnarstofnunina (IDA).

Á árinu 1971 var aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Dr. Gylfi Þ. Gíslason og Magnús Jónsson létu á miðju ári af störfum í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans, en við tóku Lúðvík Jósepsson sem aðalfulltrúi og Halldór E. Sigurðsson sem varafulltrúi. Aðalfundir þessara stofnana voru haldnir sameiginlega í Washington um haustið, og sóttu þá allir íslensku fulltrúarnir nema Halldór E. Sigurðsson, en Jóhannes Eliasson sótti fundina í hans stað. Sameiginlegir fulltrúar Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru Erik Brofoss frá Noregi, aðalfulltrúi, og Sigurgeir Jónsson, varafulltrúi, en í bankastjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans eru Erik Törnquist frá Finnlandi, aðalfulltrúi, og Carl I. Öhman frá Svíþjóð, varafulltrúi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Árið 1971 var viðburðaríkt í gjaldeyris- og peningamálum. Meðal annars hættu Bandaríkin 15. ágúst að innleysa dollara með gulli, og jók það óvissuna í gengismálum. Mikið reyndi á forystu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og innbyrðis samstarf aðildarríkjanna í leit að varanlegri lausn á gjaldeyrisvandamálum. Samkomulag náðist 18. desember um veigamiklar breytingar gengishlutfalla og hækkun á gullverði gagnvart dollar, en þá hækkun verður Bandaríkjaþing að samþykkja, áður en hún tekur gildi. Í framhaldi af þessu samkomulagi var Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tilkynnt um þá ákvörðun að taka upp 88,00 króna

miðgengi á ísl. krónunni gagnvart dollar, en það er sama og stofngengið hafði verið.

Önnur úthlutun hinna sérstöku dráttarréttinda fór fram í ársbyrjun 1971. Úthlutunin nam samtals 3 milljörðum dollara, en hlutdeild Íslands í henni nam 2,46 milljónum dollara eða jafngildi 217 milljóna króna. Þriðja úthlutun fór svo fram í byrjun janúar 1972, og nam hún einnig samtals 3 milljörðum dollara, en hlutdeild Íslands í henni nam 2,44 milljónum dollara eða jafngildi 215 milljóna króna. Samtals hefur Íslandi verið úthlutað jafngildi 653 milljóna króna í sérstökum dráttarréttindum. Ísland hefur þrívægis verið kvatt til að leggja fram gjaldreyri gegn sérstökum dráttarréttindum, í september og október 1971 og janúar 1972. Samtals námu kvaðningarnar 2,5 milljónum dollara.

Ísland hefur verið skuldlaust við sjóðinn frá því í janúar 1971, er Seðlabankinn endurgreiddi 7,5 milljóna dollara yfirdráttarlán, sem tekið hafði verið í marz 1969.

Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans

Á fjárhagsári Alþjóðabankans, er lauk 30. júní 1971, námu útlán bankans 1.896 millj. dollara (1970: 1.680 millj. dollara). Er í þessari tölu talið með lán til vegaframkvæmda á Íslandi að fjárhæð 4,1 millj. dollara, sem samið var um haustið 1970. Útistandi skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 21,7 millj. dollara í árslok 1971.

Hækkun á kvóta Íslands

Á árinu 1971 kom til framkvæmda hækkun á kvóta Íslands hjá bankanum úr 15 millj. dollara í 18,4 millj. dollara samkvæmt heimild í lögum nr. 28/1970. Var hækkun þessi gerð í framhaldi af hækkun á kvóta aðildarríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 1970. Hækkunin á kvóta Íslands kom til framkvæmda 10. ágúst 1971, og var 1% hækkunarinnar greitt í dollurum, en 9% í íslenskum krónum. Mismunurinn, eða 90%, er trygging fyrir skuldbindingum Alþjóðabankans, og kemur ekki til greiðslu þess hluta, á meðan bankinn stendur við skuldbindingar sínar.

Alþjóðaþróunarstofnunin

Aðildarríkjum að Alþjóðaþróunarstofnuninni er skipt í tvo hópa. Í hópi I eru yfirleitt þróaðri og auðugri iðnaðarlönd, og leggja þau stofnuninni til fé umfram upphaflegt stofnframlag sitt. Í hópi II eru lönd, sem yfirleitt eru skemmra á veg komin, og er framlag flestra þeirra til stofnunarinnar bundið við upphaflegt framlag þeirra. Jafnframt eru lántakar hjá stofnuninni aðeins þróunarlönd úr seinni hópnum. Ísland var frá upphafi í hópi II. Í tengslum við þriðju framlagsviðbót hóps I til stofnunarinnar og viðræður fulltrúa hennar við íslensk stjórnvöld um þátttöku í viðbótarframlaginu varð að samkomulagi samkvæmt heimildum í fjárlögum fyrir árin 1971 og 1972, að Ísland tæki þátt í viðbótarframlaginu og legði á næstu þremur árum fram 150 þús-

**Greiðslusamningur
Evrópu**

und dollara árlega. Jafnframt var lýst yfir því í nóvember 1971, að Ísland væri orðið aðili að hópi I.

Starfsemi Evrópusjóðsins, en hann starfar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) samkvæmt hinum svokallaða Greiðslusamningi Evrópu (European Monetary Agreement), var í endurskoðun á árinu 1971. Uppi voru raddir um að draga úr fjármagni sjóðsins og jafnvel leggja hann niður. Ástæðan er einkum sú, að starfsemi sjóðsins er ekki umfangsmikil, og álitu sum aðildarlöndin, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans gætu tekið að sér verkefni Evrópusjóðsins. Ísland beitti sér gegn því, að sjóðurinn yrði lagður niður. Samkomulag náðist ekki á árinu um framtíð sjóðsins, og var samningurinn framlengdur um enn eitt ár.

Norræn samvinna

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náð samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fundi, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1971 var seðlabankafundurinn haldinn í Danmörku. Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu, í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

**Verðjöfnunarsjóður
fiskiðnaðarins**

Árið 1971 var annað raunverulegt starfsár Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem settur var á stofn með lögum nr. 72/1969. Árið 1970 voru settar upp 3 deildir við sjóðinn, þ. e. fyrir frystar fiskafurðir, fyrir mjöl og lýsi (loðnuafurðir) og fyrir saltfisk. Engin breyting varð á deildaskiptingu við sjóðinn á árinu 1971. Við árslok 1971 nam heildarinnstæða í Verðjöfnunarsjóði kr. 1.062,4 millj. kr., og eru það að mestu greiðslur vegna hinna þriggja fyrirtöldu afurðaflokka á árunum 1970 og 1971. Uppgjör fyrir framleiðslu ársins 1970 liggur fyrir, og skiptist innheimt fé þannig eftir afurðum:

Frystar fiskafurðir	kr. 325.039 þús.
Saltfiskur	— 37.983 —
Loðnuafurðir	— 31.742 —
		<hr/>
		kr. 394.764 þús.

Innheimtu af framleiðslu ársins 1971 er enn ekki lokið, en áætla má, að heildargreiðslur komi til með að nema eins og hér segir:

Frystar fiskafurðir	kr. 533 millj.
Saltfiskur	— 132 —
Loðnuafurðir	— 17 —
		<hr/>
		kr. 682 millj.

Drátt fyrir hækkandi verðlag erlendis á árinu 1971 á meginhluta þeirra afurða, sem komu undir Verðjöfnunarsjóð, fór sá hluti, sem greiddur var í sjóðinn, minnkandi, þegar leið á árið, og var ástæðan sú, að grundvallarverð það, sem ákveðið var til viðmiðunar, fór hækkandi á árinu, þar sem taka varð tillit til hækkandi fiskverðs og hækkandi tilkostnaðar við framleiðsluna.

**Stjórn
Framkvæmdasjóðs**

Samkvæmt lögum nr. 66 frá 13. maí 1966 er rekstur Framkvæmdasjóðs í höndum Seðlabankans, en hann lýtur sérstakri þingkjörinni stjórn. Á árinu 1971 var stjórnin þannig skipuð:

Jóhann Hafstein, alþingismaður, formaður
Gylfi Þ. Gíslason, alþingismaður, varaformaður
Gunnlaugur Pétursson, borgarritari
Jón G. Sólnes, bankastjóri
Ragnar Arnalds, alþingismaður
Steingrímur Hermannsson, alþingismaður
Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður.

Kjörtími stjórnarinnar var til ársloka 1972. Í desembermánuði 1971 voru samþykkt á Alþingi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, og eru það lög nr. 93/1971, sem jafnframt fjalla um Framkvæmdasjóð Íslands og nema úr gildi lögin um Framkvæmdasjóð frá árinu 1966. Samkvæmt hinum nýju lögum tekur stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins við stjórn Framkvæmdasjóðs 1. janúar 1972.

**Reikningar
Framkvæmdasjóðs**

Eins og fram kemur af rekstrarreikningi, námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1971 36,9 millj. kr., en hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 18,5 millj. kr. Samtals námu því hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 55,4 millj. kr. Af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs á árinu að viðbættum óráðstöfuðum tekjuafgangi frá fyrra ári og að frádregnum gengismun vegna erlendra lána voru 32,0 millj. kr. lagðar við höfuðstól og 1,0 millj. kr. í varasjóð. Samanlagt námu eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs í árslok 505,6 millj. kr. Hreinum tekjum Mótvirðissjóðs var bætt við höfuðstól sjóðsins, er nam í árslok 428,5 millj. kr. Eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu samkvæmt framansögðu 934,1 millj. kr. í árslok 1971. Á árinu 1971 voru á ný gerðir samningar milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna þess efnis, að bankarnir lánuðu til Framkvæmdasjóðs 10% af aukningu innlána bankanna á árinu 1971. Lán samkvæmt þessu samkomulagi munu nema alls 263 millj. kr., þar af var gengið frá lánum að fjárhæð 213 millj. kr. auk eftirstöðva samkvæmt samkomulagi fyrra árs, 101 millj. kr., eða alls 314 millj. kr. Lán þessi endurgreiddast á 15 árum.

**Lántökur
Framkvæmdasjóðs**

Lánveitingar
Framkvæmdasjóðs

Á árinu 1971 voru samþykktar lánveitingar frá Framkvæmdasjóði alls að fjárhæð 440,5 millj. kr. Þar af var gengið frá lánnum að fjárhæð 403,0 millj. kr., sem skiptast þannig:

	millj. kr.
Andakílsárvirkjun	13,0
Atvinnujöfnunarsjóður	25,0
Bæjarsjóður Keflavíkur	10,0
Ferðamálasjóður og hótélbyggingar	42,0
Fiskveiðasjóður	96,3
Iðnlánasjóður	11,7
Lánasjóður sveitarfélaga	40,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	130,0
Stofnlánasjóður verzlunarfyrtækja	15,0
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	10,0
Önnur lán Framkvæmdasjóðs	10,0

Samtals 403,0

Af framangreindri upphæð voru útborgaðar á árinu 390,0 millj. kr. Í upphafi ársins var ógreiddur hluti veittra lána 44,2 millj. kr., en í árslok 16,7 millj. kr. Útborguð lán hafa því alls numið 417,5 millj. kr. á árinu 1971.

Ríkisábyrgðasjóður

Samkvæmt samningi frá 1962 sér Seðlabankinn um rekstur Ríkisábyrgðasjóðs í umboði fjármálaráðuneytisins. Starfsemi sjóðsins var öll með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár, en honum er ætlað að annast alls konar fyrirgreiðslu í sambandi við veitingu ríkisábyrgða, innlausn og innheimtu krafna, sem á ríkissjóð falla sem ábyrgðaraðila. Jafnframt er sjóðnum ætlað að annast ýmsa lánaumsjá fyrir ríkissjóð. Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, sem stofnsett var með lögum nr. 60 12. maí 1970, tók til starfa á árinu, en starfsemi hennar er nánar getið á öðrum stað í skýrslu þessari.

Nýjar ábyrgðir

Umsóknir um almennar ríkisábyrgðir voru nokkru færri á árinu 1971 en árið áður, eða alls 63, en 67 árið áður. Ábyrgðum á lánnum byggingarsamvinnufélaga fjölgaði hins vegar geysilega mikið og urðu 773, en 222 árið áður. Heildarfjöldi veittra ábyrgða varð því 836 á árinu, en 289 árið áður. Upphæð nýrra ábyrgða breyttist hins vegar lítið, hækkaði um 2 millj. Nýjar ábyrgðir námu alls 417 millj. kr. á móti 415 millj. kr. árið áður. Yfirlit hér á eftir sýnir skiptingu nýrra ábyrgða eftir lánstílfgangi:

	1970	1971	
	millj. kr.	fjöldi ób.	millj. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	42	24	63
Vatnsveitur	8	10	78
Hitaveitur	8	2	8
Fiskiðnaður	7	9	11
Iðnaður	17	7	15
Raforkumál	124	—	—
Samgöngur	1	—	—
Byggingarsamvinnufélög	135	773	201
Annað	73	11	41
	415	836	417

Ábyrgðir vegna hafnargerða og dráttarbrauta í eigu bæjarfélaga hafa aukizt nokkuð í krónutölu, en voru jafnmargar og árið áður. Mjög veruleg hækkun varð á ábyrgðum á vatnsveitulánum og munar þar mest um ábyrgð, sem veitt var vegna lántöku til lagningar vatnsleiðslu til Vestmannaeyja. Lítil breyting varð á ábyrgðum vegna fiskiðnaðarins, og engin ábyrgð var veitt vegna raforkulána. Eins og fyrr getur fjölgaði geysilega ábyrgðum vegna lána byggingarsamvinnufélaga, og upphæð þeirra jókst einnig verulega eða um nær 50%.

Mikil breyting varð á frá fyrra ári að því er varðar greiðslu-byrði Ríkisábyrgðasjóðs. Greiðslur úr sjóðnum lækkuðu verulega, en innheimta dróst hins vegar mjög mikið saman og mun meira en nam lækun á innlausn krafna. Nettógreiðslur úr sjóðnum urðu 93 millj. kr. á árinu, en árið 1970 námu nettógreiðslur í sjóðinn 8 millj. kr. Á yfirlitinu hér að neðan má sjá greiðslur sjóðsins árin 1967—1970:

	1967	1968	1969	1970	1971
Greiðslur vegna ábyrgða					
Innleystar kröfur	173	270	371	255	200
Endurgreiðslur skuldara	65	131	266	263	107
Nettó-greiðslur	108	139	105	÷8	93

Sé greiðslum sjóðsins skipt á einkaaðila og opinbera aðila, kemur í ljós, að greiðslur vegna einkaaðila eru rúmlega $\frac{2}{3}$ hlutar allra greiðslna, en greiðslur vegna opinberra aðila, þ. e. vegna bæjar- og sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja, tæplega þriðjungur. Stærstu greiðslur, sem á sjóðinn féllu, voru vegna samgöngumála, þ. e. vegna greiðsluerfiðleika Flugfélags Íslands. Verulegar greiðslur áttu sér stað vegna ábyrgða á lánum til fiskiðnaðarins, einkum til síldarverksmiðja, en rekstur þeirra gekk engu betur á sl. ári en undanfarin ár. Greiðslur vegna hafnargerða urðu nokkrar á árinu, en þó mun minni en verið hefur undanfarin ár. Eins og áður hefur verið getið, varð sú breyting á árinu 1969, að

**Tryggingardeild
útflutningslána við
Ríkisábyrgðasjóð**

verðjöfnunargjald af raforkusölu var látið renna til Orkusjóðs. Þetta bætti mjög verulega greiðslugetu Orkusjóðs, en engu að síður varð um að ræða nokkrar greiðslur úr Ríkisábyrgðasjóði á árinu vegna hans.

Eins og skýrt var frá í síðustu ársskýrslu Seðlabankans, var stofnuð Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð á árinu 1970, samkvæmt lögum nr. 60/1970. Hlutverk tryggingardeildarinnar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánnum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum. Enn fremur er tryggingardeildinni heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, sem til eru orðnar vegna útflutnings á íslenskum vörum. Haustið 1970 var skipuð nefnd samkvæmt framangreindum lögum, sem hafa skal á hendi stjórn deildarinnar, en í nefnd þessari eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að semja almenna skilmála fyrir útflutningslánatryggingar, og var lokið við gerð þessara skilmála snemma á árinu 1971. Jafnframt ákvað fjármálaráðuneytið, að fengnum tillögum nefndarinnar, iðgjaldatexta þá, sem gilda skulu um tryggingar þessar.

Á árinu 1971 var einungis gengið frá einni útflutningslánatryggingu, og var sú trygging veitt vegna útflutnings fiskiskipa, sem smíðuð voru innanlands fyrir erlendan aðila. Nam tryggingarupphæðin um 19,4 m. kr. Útflutningslánasjóður veitti skipasmíðastöðinni lán, sem gerði mögulegan gjaldfrest til handa hinum erlenda aðila, sem greiðir kaupverðið á 4½ ári.

Starfsemi tryggingardeildarinnar er enn þá í mótun, og ekki er enn hægt að segja fyrir um, hversu víðtæk hún verður. Deildin mun hins vegar leitast við að þjóna þörfum viðskiptalífsins og greiða fyrir útflutningi svo sem kostur er á hverju sinni. Til athugunar er hjá deildinni að taka jafnframt að sér tryggingar útflutningslána þeirra, sem veitt eru erlendum kaupendum til skemmri tíma en eins árs vegna almenns útflutnings íslenskra vara, og er þá haft í huga, að veitt verði álíka þjónusta og fylgt verði svipuðum reglum og gilda í þessu efni í nágrannalöndunum.

**Framkvæmda- og
fjáröflunaráætlun
ríkissjóðs**

Eins og undanfarin ár hafði Seðlabankinn umsjón með fjárhagslegri framkvæmd hinnar árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkissjóðs. Að þessu sinni nam upphæð áætlunarinnar 437,6 millj. kr. og fjáröflun jafnhárri fjárhæð. Af áætlun ársins 1971 voru greiddar út 366,7 millj. kr. auk eftirstöðva frá árinu

Hafnabótasjóður

Samkvæmt ákvæði í hafnalögum sér Seðlabankinn um rekstur Hafnabótasjóðs, bókhald hans og afgreiðslu, en hins vegar lýtur sjóðurinn stjórn samgönguráðherra. Á árinu 1971 veitti sjóðurinn samtals 21 lán að fjárhæð 56,7 millj. kr. og 8 styrki, samtals að fjárhæð 8,3 millj. kr. Heildarútlán námu í árslok 132,0 millj. kr.

Í fjárlögum ársins 1971 var framlag til sjóðsins úr ríkissjóði að fjárhæð 17 millj. kr., sem var sama fjárhæð og árið áður. Lántökur á árinu urðu alls 49,5 millj. kr., og voru lán einkum tekin hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og tryggingafélögum. Eigið fé Hafnabótasjóðs í árslok 1971 nam 29,1 millj. kr.

**REIKNINGAR
1971**

Seðlabanki Íslands

<i>Gjöld</i>	Krónur
Vextir af innstæðum	kr. 464.612.342
Vextir af varasjóði	— 24.300.000
Vextir af öðrum eigin sjóðum	— 14.364.000
	503 276 342
Vextir af skuldum erlendis	29 712 715
Kostnaður við seðla og mynt	13 844 103
Rekstrarkostnaður	67 918 399
Kostnaður við húsnæðisbreytingar	1 725 873
Þátttaka í kostnaði Efnahagsstofnunarinnar	4 338 000
Framlag til Eftirlaunasjóðs starfsmanna	5 000 000
Til ríkissjóðs skv. l. nr. 4/1960	8 480 299
Arður af stofnfé	13 000 000
Rekstrarhagnaður til ráðstöfunar	51 354 543
	Kr. 698 650 274

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Egill Símonarson,
endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 1971

<i>Tekjur</i>	Krónur
Vextir af endurkeyptum víxlum	119 345 571
Vextir af öðrum innlendum lánum	247 210 922
Vextir af erlendum innstæðum og verðbréfum	316 953 233
Tekjur af sölu gjaldeyris	9 374 538
Umboðslaun af erlendum yfirfærslum	4 759 294
Ýmsar tekjur	1 006 716
	<hr/>
	Kr. 698 650 274

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

Birgir Kjaran,
formaður.

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs
úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 12. apríl 1972

Lúðvík Jósepsson,
viðskiptaráðherra.

Íslands 31. desember 1971

<i>Skuldir</i>	Krónur
Erlend lán	2 215 100 794
Lán frá innlendum bönkum	756 691 207
Reikningsskuld í Seðlabanka	1 551 497
Ógreiddur hluti veittra lána	16 750 514
Ýmsir viðskiptamenn	16 778 810
Áfallnir vextir	32 779 605
Mótvirðissjóður:	
Frá fyrra ári kr. 410.057.016	
Tekjur 1971 — 18.492.776	428 549 792
Höfuðstóll	476 000 000
Varasjóður	19 000 000
Afskriftareikningur	10 000 000
Óráðstafaður tekjuafgangur:	
Frá fyrra ári kr. 690.733	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1971 — 36.892.139	37.582.872
Frá dregst:	
Lagt við höfuðstól kr. 32.000.000	kr. 37.582.872
Lagt við varasjóð — 1.000.000	
Lagt í afskriftareikning — 48.000	
Mismunur vegna gengisbreytingar — 3.923.610	kr. 36.971.610
Ábyrgðaskuldbindingar Kr. 1.991.876	
	Kr. 3 973 813 481

Reykjavík, 29. febrúar 1972

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhannes Nordal

Davíð Ólafsson

Svanbjörn Frimannsson

Guðmundur B. Ólafsson,
framkvæmdastjóri
Framkvæmdasjóðs

Íslands árið 1971

<i>Tekjur</i>	Krónur
Vaxtatekjur	239 501 237
Lántökugjöld	4 030 000

Kr. 243 531 237

Með skýrskotun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda staðfestir stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands reikninginn hér með.

Reykjavík, 17. marz 1972

Jóhann Hafstein,
formaður.

Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs

<i>Eignir</i>	Krónur
Verðbréf kr. 548.300.706	
÷ mótreikningar vegna togaralána — 9.376.443	538 924 263
Kröfur vegna vanskila á ábyrgðalánnum	244 314 089
Kröfur vegna vanskila á lánnum ríkissjóðs, kr. 207.145.771	
÷ mismunur vegna ICA-lána — 1.073.926	206 071 845
Ríkissjóður vegna smíði togara	25 267 612
Ýmsir viðskiptamenn	59 851 203
Skuldabréf ríkissjóðs til innheimtu	5 183 528 011
Bankainnstæða	14 780 237
	6 272 737 260
	Kr.

Framanritaðan efnahagsreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannað reynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Egill Símonarson,
endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi.

31. desember 1971.

<i>Skuldir</i>	Krónur
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	51 864 798
Ýmsir viðskiptamenn	53 894 191
Skuldabréf ríkissjóðs til innheimtu	5 183 528 011
Höfuðstóll:	
Frá fyrra ári kr. 919.717.939	
Framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1971 kr. 50.000.000	
Innheimtar áður afskrifaðar kröfur — 70.110	
Vextir fyrri ára — 3.794.407	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1971 — 39.911.824 — 93.776.341	
Frá dregst:	
Vextir fyrri ára kr. 236.380 kr. 1.013.494.280	
Afskrifaðar tapaðar kröfur — 29.807.640 — 30.044.020	983 450 260
	Kr. 6 272 737 260

Reykjavík, 5. apríl 1972

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhannes Nordal

David Ólafsson

Svanbjörn Frímansson

Harald S. Andrésson

TÖFLUR

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.

Verðlag hvers árs í millj. kr.

	1967	1968	1969	1970	1971 ¹⁾
Brúttó þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	25.736	27.516	33.845	42.400	52.500
Útflutningur vöru og þjónustu	7.882	9.510	16.132	21.195	22.290
Frádráttur: Innflutningur vöru og þjónustu	10.146	12.055	15.741	20.470	26.275
Viðskiptajöfnuður	÷ 2.264	÷ 2.545	391	725	÷ 3.985
Verðmætaráðstöfun innanlands	28.000	30.061	33.454	41.675	56.485
Einkaneyzla	17.469	18.812	21.395	27.467	33.880
Samneyzla	2.505	2.800	3.300	4.050	5.085
Föst fjármunamyndun	7.984	8.725	8.600	10.511	15.820
Breyting útflutningsvörubirgða og bústofns	42	÷ 276	159	÷ 353	1.700

Aukning í hundraðshlutum frá fyrra ári, miðað við verðlag ársins 1960.

	1967	1968	1969	1970	1971 ¹⁾
Brúttó þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	÷ 2,1	÷ 5,8	2,0	6,0	9,5
Útflutningur vöru og þjónustu	÷ 6,0	÷ 6,3	13,3	19,3	÷ 2,9
Frádráttur: Innflutningur vöru og þjónustu	6,9	÷ 8,2	÷ 11,1	26,4	23,7
Verðmætaráðstöfun innanlands	4,6	÷ 7,0	÷ 9,8	10,4	25,2
Einkaneyzla	1,0	÷ 5,1	÷ 6,5	12,2	15,0
Samneyzla	6,7	2,7	2,2	4,5	6,4
Föst fjármunamyndun	12,7	÷ 8,7	÷ 23,8	8,7	41,7
Brúttó þjóðartekjur á markaðsvirði ²⁾	÷ 7,0	÷ 6,9	3,0	10,5	12,5

¹⁾ Bráðabirgðatölur.

²⁾ Mismunur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á föstu verðlagi skapast vegna breytinga á viðskiptakjörum við útlönd.

2. tafla. Verðlag og kaupgjald.

Visitölur, ársmeðaltöl 1960=100	Framfærslu- kostnaður	Neyzluvöru- verðlag	Byggingar- kostnaður	Tímakaup
1967	193,3	210,5	213,2	250,9
1968	218,4	239,6	238,2	266,4
1969	265,8	297,3	292,9	304,9
1970	300,8	339,8	343,3	374,7
1971	321,2	364,3	385,0	427,9

Visitölur eftir mánuðum	Framfærslukostnaður 1. jan. 1968=100		Neyzluvöruverðlag 1. jan. 1968=100		Byggingarkostnaður okt. 1955=100		
	1970	1971	1970	1971	1970	1971	
Febrúar	137	153	141	170	Marz	439	532
Mai	141	155	146	162	Júlí	480	535
Ágúst	147	154	152	161	Nóvember	524	543
Nóvember	154	156	163	163			

3. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1967—1971.¹⁾

Í millj. kr.

Vörur og þjónusta	1967	1968	1969	1970	1971
Tekjur:					
Útfluttar vörur (f.o.b.)	4.246	4.722	9.411	12.850	13.140
(þ. a. ál)	—	—	(519)	(1.708)	(888)
Ferðalög	125	174	320	441	555
Samgöngur	1.720	2.309	3.710	4.379	4.800
Tryggingar	586	615	895	1.115	1.200
Vextir	90	75	165	310	325
Varnarliðið	652	621	996	1.278	1.400
Ýmislegt	316	370	635	765	870
Tekjur alls	7.735	8.886	16.132	21.138	22.290
Gjöld:					
Innflutt skip og flugvélar (f.o.b.)	800	379	52	856	2.250
Innflutt v/virkjunar við Búrfell (f.o.b.)	151	428	300	104	272
Innflutt v/byggingar álbræðslu (f.o.b.)	123	573	439	112	462
Innfluttar rekstrarvörur v/álbræðslu (f.o.b.)	—	—	513	822	914
Innflutt v/varnarliðsins (f.o.b.)	47	85	123	153	112
Aðrar innfluttar vörur (f.o.b.)	5.410	5.993	7.981	10.565	13.650
Samtals	6.531	7.458	9.408	12.612	17.660
Ferðalög	608	371	395	582	795
Samgöngur	1.600	1.972	2.990	4.023	4.550
Tryggingar	657	775	1.143	1.270	1.400
Vextir	275	426	760	795	820
Ýmislegt	315	508	1.045	1.205	1.050
Gjöld alls	9.986	11.510	15.741	20.487	26.275
Viðskiptajöfnuður	÷2.251	÷2.624	+ 391	+ 651	÷3.985
Framlög án endurgjalds, nettó	÷ 61	÷ 51	÷ 72	÷ 35	÷ 10
Sérstök dráttarréttindi við IMF	—	—	—	+ 222	+ 217
Fjármagnshreyfingar					
Frá útlöndum:					
Lántökur einkaaðila	620	235	66	534	2.230
Erlent einkafjármagn til langs tíma	290	855	1.450	395	718
Erlent einkafjármagn til skamms tíma	—	—	—	—	1.008
Aðrar fjármagnshreyfingar einkaaðila, nettó	350	—	—	330	400
Lántökur opinberra aðila	561	1.660	2.044	391	2.120
Aðrar fjármagnshreyfingar opinberra aðila, nettó	—	—	—	269	370
Frá útlöndum alls	1.821	2.750	3.560	1.919	6.846
Til útlanda:					
Afborganir af lánum einkaaðila	392	618	1.005	877	825
Aðrar fjármagnshreyfingar einkaaðila, nettó	—	30	115	—	—
Afborganir af lánum opinberra aðila	248	337	973	769	665
Aðrar fjármagnshreyfingar opinberra aðila, nettó	—	—	30	—	—
Til útlanda alls	640	985	2.123	1.646	1.490
Fjármagnsjöfnuður	+1.181	+1.765	+1.437	+ 273	5.356
Skekkjur og vantalið, nettó	+ 61	+ 64	÷ 71	+ 89	÷ 85
Heildargreiðslujöfnuður (breyting á gjaldeyrisstöðu)	÷1.070	÷ 846	+1.685	+1.200	+1.493

¹⁾ Árið 1967 er gengið miðað við 43 kr. stofngengi, 1968 er miðað við 57 kr. stofngengi, en 1969 og síðar er miðað við 88 kr. stofngengi.

4. tafla. Greiðslujöfnuður, ársfjórðungsyfirlit 1970—1971.
Í millj. kr.

	1970				1971			
	I.ársfj.	II.ársfj.	III.ársfj.	IV.ársfj.	I.ársfj.	II.ársfj.	III.ársfj.	IV.ársfj.
<i>Vörur og þjónusta:</i>								
Tekjur:								
Útfluttar vörur (f.o.b.)	2.330	3.530	3.675	3.315	2.405	3.850	3.810	3.075
(b. a. ál)	(407)	(366)	(509)	(426)	(261)	(114)	(230)	(283)
Ferðalög	45	85	205	106	60	115	255	125
Samgöngur	480	1.280	1.570	1.049	580	1.450	1.700	1.070
Tryggingar	260	270	270	315	280	300	300	320
Vextir	70	40	100	100	100	40	130	55
Yarnarliðið	350	250	350	328	280	350	345	425
Ýmislegt	155	165	170	275	200	210	200	260
Tekjur alls	3.690	5.620	6.340	5.488	3.905	6.315	6.740	5.330
Gjöld:								
Innfluttar vörur	2.315	2.830	3.305	4.162	3.145	4.940	3.925	5.650
(b. a. vegna álbræðslu)	(255)	(180)	(200)	(299)	(188)	(536)	(400)	(252)
Ferðalög	85	135	220	142	120	190	300	185
Samgöngur	460	1.200	1.250	1.113	500	1.330	1.520	1.200
Tryggingar	300	320	340	310	330	350	370	350
Vextir	100	345	70	280	120	280	85	335
Ýmislegt	300	310	210	385	190	180	300	380
(b. a. vegna álbræðslu)	(200)	(200)	(90)	(255)	(50)	(65)	(150)	(235)
Gjöld alls	3.560	5.140	5.395	6.392	4.405	7.270	6.500	8.100
Viðskiptajöfnuður	+ 130	+ 480	+ 945	÷ 904	÷ 500	÷ 955	+ 240	÷ 2.770
Framlög án endurgjalds	÷ 5	÷ 10	÷ 10	÷ 10	÷ 5	÷ 5	+ 5	÷ 5
Sérstök dráttarréttindi	+ 222	-	-	-	+ 217	-	-	-
<i>Fjármagnshreyfingar:</i>								
Erlent einkafjárm. til langs tíma	120	+ 80	-	+ 195	+ 60	+ 235	+ 225	+ 198
Erl. einkafjárm. til skamms tíma	-	-	-	-	+ 115	+ 435	+ 295	+ 163
Langar lánt. einkaaðila, nettó . . .	÷ 195	÷ 250	+ 30	+ 72	+ 13	+ 259	÷ 105	+ 1.238
Aðrar fjárm.hr. einkaaðila	+ 300	+ 200	÷ 400	+ 230	÷ 450	+ 300	÷ 300	+ 850
Langar lánt. opinb. aðila, nettó . .	÷ 55	÷ 155	÷ 260	+ 92	+ 965	+ 15	+ 320	+ 155
Aðrar fjárm.hr. opinberra aðila . .	-	+ 260	-	+ 9	+ 126	+ 80	-	+ 164
Fjármagnsjöfnuður	+ 170	+ 135	÷ 630	+ 598	+ 829	+ 1.324	+ 435	+ 2.768
Skekkjur og vantalið, nettó.	+ 54	+ 32	÷ 89	+ 92	÷ 91	+ 9	÷ 45	+ 42
Heildargreiðslujöfnuður (breyting á gjaldeyrisstöðu)	+ 571	+ 637	+ 216	÷ 224	+ 450	+ 373	+ 635	+ 35

5. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.¹⁾

		Sæðlabankinn						
		Frjáls gjaldeyri og gull				Vöruskipta- reikningar, nettóeign (5)	Viðskipta- bankar, nettó- eign (6)	Heildar- gjaldeyris- staða bankanna (7)
Í millj. kr.		Gjald- eyris- fordi ²⁾ (1)	Alþjóða- stofnanir, skuldir ³⁾ (2)	Aðrar skuldir (3)	Nettó- eign (4)			
Árslok	1960	467	÷ 419	÷ 76	÷ 28	111	29	112
—	1961	1.028	÷ 389	÷ 41	598	÷ 41	÷ 30	527
—	1962	1.371	—	÷ 31	1.340	34	÷ 224	1.150
—	1963	1.483	—	÷ 37	1.446	85	÷ 220	1.311
—	1964	1.887	—	÷ 11	1.876	÷ 69	÷ 214	1.593
—	1965	2.318	—	÷ 3	2.315	÷ 248	÷ 155	1.912
—	1966	2.498	—	÷ 82	2.416	÷ 188	÷ 313	1.915
—	1967	2.012	÷ 214	÷ 252	1.546	÷ 30	÷ 475	1.041
—	1968	2.512	÷ 1.100	÷ 125	1.287	÷ 152	÷ 833	302
—	1969	3.429	÷ 991	÷ 328	2.110	÷ 108	÷ 14	1.988
1970:								
	Janúar	3.549	÷ 991	÷ 286	2.272	÷ 153	122	2.241
	Febrúar	3.888	÷ 991	÷ 335	2.562	÷ 215	194	2.541
	Mars	4.060	÷ 991	÷ 427	2.642	÷ 259	176	2.559
	Apríl	3.939	÷ 991	÷ 351	2.597	÷ 155	372	2.814
	Mái	4.467	÷ 991	÷ 312	3.164	÷ 109	331	3.386
	Júní	4.581	÷ 991	÷ 402	3.188	÷ 82	90	3.196
	Júlí	4.844	÷ 991	÷ 607	3.246	÷ 103	78	3.221
	Ágúst	4.825	÷ 991	÷ 424	3.410	÷ 84	÷ 64	3.262
	September	4.886	÷ 991	÷ 415	3.480	31	÷ 99	3.412
	Október	5.276	÷ 991	÷ 693	3.592	32	÷ 195	3.429
	Nóvember	4.855	÷ 155	÷ 1.060	3.640	÷ 28	÷ 319	3.293
	Desember	4.727	÷ 155	÷ 912	3.660	÷ 77	÷ 320	3.263
1971:								
	Janúar	5.495	—	÷ 976	4.519	÷ 157	÷ 442	3.920
	Febrúar	5.440	—	÷ 847	4.593	÷ 219	÷ 529	3.845
	Mars	5.333	—	÷ 915	4.418	÷ 309	÷ 396	3.713
	Apríl	5.566	—	÷ 1.039	4.527	÷ 429	÷ 493	3.605
	Mái	5.564	—	÷ 1.030	4.534	÷ 356	÷ 513	3.665
	Júní	5.890	—	÷ 1.086	4.804	÷ 282	÷ 436	4.086
	Júlí	5.965	—	÷ 880	5.085	÷ 422	÷ 434	4.229
	Ágúst	6.231	—	÷ 914	5.317	÷ 308	÷ 334	4.675
	September	6.374	—	÷ 951	5.423	÷ 227	÷ 475	4.721
	Október	6.121	—	÷ 926	5.195	÷ 297	÷ 373	4.525
	Nóvember	5.751	—	÷ 632	5.119	÷ 89	÷ 439	4.591
	Desember	6.034	—	÷ 680	5.354	÷ 185	÷ 413	4.756

1) Miðað er við skráð gengi á hverjum tíma.

2) Þ.e. gulleign, sérstök dráttarréttindi við IMF og gullframlag til IMF, að því leyti sem ekki hefur verið dregið á gullframlagið, verðbréf, vixlar og innstæður hjá erlendum bönkum.

3) Þ.e. IMF og EMA.

6. tafla. Viðskipti við einstök lönd í millj. kr. 1969—1971.

	Innflutningur, cif.			Útflutningur, fob.		
	1969	1970	1971	1969	1970	1971
<i>Fríverzlunarbandalagið:</i>						
Austurríki	24	41	82	5	92	53
Bretland	1.378	1.957	2.611	1.324	1.704	1.725
Danmörk	1.045	1.853	1.873	539	873	850
Finnland	292	380	415	230	227	228
Færeyjar	1	4	0	102	133	105
Noregur	699	770	926	173	212	206
Portúgal	36	47	114	412	524	788
Swiss	452	201	354	103	328	101
Svíþjóð	528	702	1.097	589	864	553
Samtals	4.455	5.955	7.472	3.477	4.957	4.609
<i>Efnahagsbandalagið:</i>						
Belgía	174	281	334	33	146	50
Frakkland	211	375	427	86	113	73
Holland	569	822	1.110	220	104	112
Ítalía	208	260	314	320	411	537
Luxemburg	2	3	10	0	1	0
Vestur-Þýzkaland	1.819	2.084	2.922	814	1.392	772
Samtals	2.983	3.825	5.117	1.473	2.167	1.544
<i>Austur-Evrópulönd:</i>						
Austur-Þýzkaland	55	67	71	8	59	43
Búlgaríá	2	3	2	—	—	0
Pólland	180	202	205	168	158	216
Rúmenía	3	4	6	—	0	—
Rússland	870	978	1.309	840	884	1.075
Tékkóslóvakía	132	224	253	56	91	26
Ungverjaland	95	5	8	9	107	73
Samtals	1.337	1.483	1.854	1.081	1.299	1.433
<i>Önnur Evrópulönd:</i>						
Grikkland	1	1	2	100	96	144
Írland	4	7	20	18	29	14
Júgóslavía	2	3	4	5	12	7
Spánn	66	86	94	106	187	266
Tyrkland	1	1	2	2	2	2
Samtals	74	98	122	231	326	433
<i>Norður-Ameríka:</i>						
Bandaríkin	934	1.116	2.838	2.614	3.869	4.830
Kanada	27	29	70	3	9	12
Samtals	961	1.145	2.908	2.617	3.878	4.842
<i>Brasilía</i>	169	174	189	172	109	150
<i>Ísrael</i>	28	25	30	1	4	6
<i>Japan</i>	281	392	716	10	14	62
<i>Nigeria</i>	0	0	1	210	55	1
<i>Surinam</i>	—	410	660	—	—	—
<i>Önnur lönd</i>	567	346	293	194	106	95
Alls	10.855	13.853	19.362	9.466	12.915	13.175

7. tafla. Seðlar og mynt.¹⁾

Í millj. kr.	1970			1971		
